



Í Fógetagarðinum við Aðalstræti má finna elsta gróðursetta tré Reykjavíkur sem hefur nú verið klætt heldur óhefðbundnum jólastrúða. Vegfarendur í miðbænum kunna að hafa skiptar skoðanir á því hvort litavalið sé jólalegt en hvað sem öðru liður nýtur stytta Skúla Magnússonar aðdraganda jólanna í bláum skugga, ekkert broshýrari en venjulega. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Afstaða landlæknis vonbrigði

Framkvæmdastjóri Geðhjálpur segir það vonbrigði að Embætti landlæknis styðji beitingu þvingana. Margir séu árum saman að jafna sig á að hafa verið beittir slíkum úrræðum. Ráðherra áformar löggjöf.

**HEILBRIGÐISMÁL** Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Geðhjálpur, segir það vonbrigði að Embætti landlæknis styðji ekki tillögu samtakanna um að gera Ísland að þvingunarlausu landi.

Líkt og greint var frá fyrr í vikunni áformar heilbrigðisráðherra að setja löggjöf um þvingandi meðferð sjúklunga. Henni verði aðeins beitt í algerum undantekningar-

tilvikum, meðalhófs verði gætt við ákvarðanir og eftirlit verði haft við beitingu slíkrar meðferðar. Undir það tekur Embætti landlæknis og segir að með lögunum sé lögmæti slíkra aðgerða tryggt.

Grímur segir að hann skilji afstöðuna miðað við hvernig staða geðheilbrigðismála sé í dag. „Aðbúnaður og staða mála býður ekki upp á mikið, það eru til dæmis

Það þarf ekki annað en að taka ákvörðun um að stefna í rétta átt.

Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Geðhjálpur

engar lyfjalausar deildir í boði og hugmyndafræðin einsleit. Við höfnum því að þannig eigi það að vera til frambúðar. Það þarf ekki annað en að taka ákvörðun um að stefna í rétta átt,” segir Grímur.

Margir séu árum saman að jafna sig. „Það er upp til hópa frábært starfsfólk sem starfar á geðeildum landsins, en þetta er hlutur sem þarf að skilja eftir í fortíðinni.“ – ab

## Líkur á að vextir íbúðalána hækki

**VIÐSKIPTI** Ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa hefur hækkað um hátt í eina prósentu á þremur mánuðum og á sama tíma hafa fjármögnunarkjör bankanna á markaði versnað. „Það eru allar líkur á að fastir vextir á íbúðalánnum bankanna muni að óbreyttu hækka nokkuð á næstunni vegna þessarar þróunar,” segir Agnar Tómas Möller, sjóðsstjóri skuldabréfa hjá Kviku.

Birgir Haraldsson tekur í sama streng. „Langtímavextir eru nú hærri en í febrúar og því eru stýrivaxtalækkanir að skila sér að mjög takmörkuðu leyti yfir í fjármögnunarkjör til lengri tíma.“ – tfh / sjá síðu 12




## Nýr e-up!

Sparaðu pening og umhverfið

HEKLA · Laugavegur 170 · Sími 590 5000 · [www.hekla.is/volkswagensalur](http://www.hekla.is/volkswagensalur)

\*m.v. vistvænt bílalan í reiknivél Landsbankans, 03.11.2020, 25% útborgun 922.500 kr. eða í formi uppítökubíls og láns til 84 mánaða

Frá 40.538 kr. á mánuði\*



## Fá aðstöðu til sturtu í neyðarskýli

**COVID-19** Ein af afleiðingum þess að sundlaugar höfuðborgarsvæðisins hafa verið lokaðar frá 6. október er að allnokkur fjöldi fólks hefur haft samband við velferðarsvið sinna sveitarfélaga út af því að þessir einstaklingar hafa treyst á sundlaugarnar til þess að komast í sturtu.

„Það eru margir einstaklingar sem búa í rýmum þar sem þeir hafa ekki aðgang að sturtu eða baði. Þeir treysta því á sundlaugarnar til þess að komast í slíka hreinlætisaðstöðu og lentu í vandræðum þegar þeim var lokað.“ segir Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Sundlaugarnar séu því ekki aðeins vettvangur fyrir íbúa að sækja sér afþreyingu eða heilsuþót. Heiða segir að ekki liggi nákvæmlega fyrir hversu stór þessi hópur sé en að allnokkrir hafi haft samband og neyð þessa hóps sé töluverð. Segir Heiða Björg að best hefði verið ef hægt hefði verið að fá undanþágu til þess að fá að opna aðgang að sturtum og búningsklefum í einni sundlaug. Af því hafi þó ekki orðið.

●● **Þeir treysta því á sundlaugarnar til þess að komast í slíka hreinlætisaðstöðu og lentu í vandræðum þegar þeim var lokað.**

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar ákvað að bregðast við vandamálinu með því að bjóða upp á sólarhringsopnun í neyðarskýlum borgarinnar. Alls eru rekin þrjú neyðarskýli í höfuðborginni, Gistiskýlið við Lindargötu, Neyðarskýlið við Grandagarð og Konukot. Skýlin eru venjulega opin frá 17.00 á daginn til 10.00 daginn eftir en ákveðið var að lengja opnunartímann til þess að hægt væri að nýta hreinlætisaðstöðu skýlanna yfir daginn.

„Við ákváðum að fara þessa leið fljótlega eftir að sundlaugunum var lokað. Til þess fengum við liðsauka frá starfsfólki annarra stofnana borgarinnar sem voru lokaðar á sama tíma,“ segir Regina Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. – bp

## Allir á tánum



Það er ekki mikið slen til að hrista af þessum guttum sem skelltu sér í knattspyrnu á sparkvellingum við Hlíðaskóla í gær. Íþróttaiðkun er börnum afar mikilvæg en auk þess að bæta heilsu dregur hún einnig úr líkum á tobaks- og vímuefnanotkun og eykur félagslega vellíðan. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fáum aðgang að bóluþefnum ESB

**COVID-19** 68 einstaklingar lágu á sjúkrahúsi með COVID-19 í gær og þar af voru þrjú í öndunarvél. Sólarhringinn á undan greindust alls 26 einstaklingar með sjúkdóminn og voru sjö þeirra ekki í sóttkví. Tilfellum af nýsmíti fjölgaði um fimmtán milli daga þrátt fyrir að færri sýni hefðu verið tekin.

Á upplýsingafundi almanna- og landlæknis í gær sagði Rögvaldur Ólafsson aðstoðaryfirlöggregluþjónn að útlit væri fyrir að lítills háttar hóp-sýking hefði komið upp sem skýri að hluta til fjölgun tilfella nýlega.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins undirritaði í gær samning við lyfjafyrirtækið Pfizer um kaup á 200 milljónum skammta af bóluþefni fyrirtækisins við COVID-19 með möguleika á 100 milljón skömmtum til viðbótar. Ísland fær sama aðgang að bóluþefnum og aðilarríki ESB. Gangi öryggisprófanir hratt fyrir sig verði fyrstu skammtar komnir fyrir lok ársins. – epá, mhj

# Tala sjálfsvíga nú í ár heldur áfram að rísa

Talan yfir sjálfsvíg hækkar stöðugt og fá Pieta samtökin æ fleiri símtöl, auknar fyrirspurnir og sífellt fleiri leita sér aðstoðar hjá þeim. Samtökin ætla að bjóða upp á gjaldfrjálsa fjarfundafraeðslu fyrir framhaldsskólanema landsins.

**SAMFÉLAG** „Þetta er svo tvíþætt. Það er ótrúlega gott að sjá hvað margir eru að leita sér aðstoðar. Vita af okkur og okkar samtökum og tækla sín vandamál en á sama tíma er svo átakanlegt að sjá og upplifa hversu mikil þörf er í samfélaginu. Fólki líður svo ógeðslega illa og COVID er ekki að hjálpa,“ segir Inga María Hjartardóttir, verkefna- og kynningarstjóri Pieta samtakanna, en þau bjóða framhaldsskólanemum ókeypis fraeðslu.

Una Hildardóttir, forseti Landsambands ungmennafélaga, minntist á það á upplýsingafundi almanna- og landlæknis í gær að þær takmarkanir og aðrar sóttvarnaaðgerðir sem hefur þurft að grípa til á árinu hefðu reynt töluvert á andlega heilsu ungs fólks. Þá væri erfitt að horfa upp á ungt fólk sem væri fast í erfiðum heimilisaðstöðum og liði eins og það kæmist hvergi í skjól.

Inga segir að hún skynji aukna ásókn í þjónustuna og að ungt fólk sé duglegt að hringja. Hún segir að vandinn sem sé uppi núna sé aðeins byrjunin því það muni taka langan tíma að vinda ofan af vandanum.

„Félagsleg einangrun er orðin gríðarlega mikil á þessum tíma. Krakkarnir mega ekki fara og hitta vini, bekkjarfélaga, ungmennahús eru lokað eins og félagsmiðstöðvar. Einhvern veginn hafa krakkarnir ekki forsendur til að hitta aðra krakka utan tölvunnar.


Við teljum að það sé mikilvægt að vinna þetta forvarnastarf sem við ætlum að gera með krökkunum í gegnum þessar kynningar. Þar erum við að einblína á hvað viðkomandi getur gert til að bæta andlega heilsu, hvernig hún er sett í fyrsta sæti og



Ungir karlmenn eru í miklum meirihluta þeirra sem upplifa sjálfsvígshugsanir. Talan hækkar og er nánast eitt sjálfsvíg á viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

●● **Ef við náum að grípa inn í áður en skellurinn kemur þá erum við að vona að við getum dregið úr þessum langvarandi áhrifum ástandsins.**

Inga María Hjartardóttir, verkefna- og kynningarstjóri Pieta samtakanna



hvað er hægt að gera til að vera til staðar fyrir hvert annað.

Vonin er að draga úr þessum langtíma áhrifum sem verða bókað mál lengi á okkar borðum til að vinna úr. Ef við náum að grípa inn í áður en skellurinn kemur þá erum við að vona að við getum dregið úr þessum langvarandi áhrifum ástandsins,“ segir Inga.

Hún segir að það sé jákvætt hvað ungt fólk sé duglegt að leita sér

aðstoðar og það sé ekki lengur töff að sópa vandamálum undir teppið. „Við sjáum þessi kynslóðaskipti mjög skýrt. Það er greinilegt að samfélagið er búíð að vera að kenna okkur að tala um okkar tilfinningar sem er mikilvægt því annars er viðkomandi að burðast með eitthvað inn í sér sem enginn veit um.“

Við viljum kenna krökkum á tæki og tól til að opna sig við einhvern sem þau treysta. Strákar eru líka betri að opna sig í dag. Það hefur einhvern veginn verið lengi samfélagslega viðurkennt að strákar séu ekki tilfinningalega opnir sem er svo hættulegt. Það verður til þess að strákar eru í miklum meirihluta að upplifa sjálfsvígshugsanir.“

Inga segir að samtökin geti ekki beðið eftir að komast til krakkanna að nýju og vinna með þeim. „Um leið og það er hægt þá brjótum við niður vegg og keyrum af stað. En þangað til erum við á Teams, það er betra en ekki neitt.“

benediktboas@frettabladid.is

## Sjónmælingar eru okkar fag



Tímamantanir á [opticalstudio.is](http://opticalstudio.is) og í síma 511 5800

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

*Kvika eignastýring veitir alhliða  
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



**KVÍKA**

*Eignastýring*

*[kvikaeignastyring.is](http://kvikaeignastyring.is)*

# Segjast láta brenna sunnlenskt sorp en ekki urða það í leyfisleysi

**UMHVERFISMÁL** „Ásökun um „urðun án heimildar“ er röng og stenst enga skoðun,” segir í yfirlýsingu þriggja sveitarfélaga á Suðurlandi, Sorpstöðvar Rangárvallasýslu og fyrirtækisins Terra, vegna orða forstjóra Íslensku gámabjónustunnar í Fréttablaðinu.

Jón Þórir Frantzson, forstjóri Íslensku gámabjónustunnar, sagðist í Fréttablaðinu í gær telja að heimilissorp frá fimm sveitarfélögum á

Suðurlandi væri urðað, meðal annars á Álfsnesi, á vegum Terra, jafnvel þótt engar heimildir séu fyrir urðun á sorpi frá Suðurlandi. Sjálfur flytji hann sorp frá öðrum sunnlenskum sveitarfélögum úr landi til orkuframleiðslu, sem sé dýrari kostur.

„Terra hefur náð að nýta sér lausan brennslutíma hjá Kólku í þágu þessara sveitarfélaga. Kalka er viðurkenndur aðili á Íslandi til þess að meðhöndla sorp,” segir í fyr-

**Terra og sveitarfélögin sem um ræðir hafa lagt mikinn metnað í flokkun og endurvinnslu, og hafna alfarið þessum örökstuddu ásökunum.**

Úr yfirlýsingu Terra, þriggja sveitarfélaga á Suðurlandi og Sorpstöðvar Rangárvallasýslu

nefndri yfirlýsingu. Sérkennilegt sé að málið sé sett fram í fjölmörgum af samkeppnisaðila og látið í veðri vaka að um „lögbrot eða sidleysi“ sé um að ræða.

„Fullyrðingar um að verið sé að bjóða upp á „ödyrari urðun“ eru tilhæfulausar áskanir sem eiga ekki við nein rök að styðjast. Það er ekki nóg að „velta fyrir sér“ eða „telja“ og „álíta“ eitthvað um samkeppnisaðila á markaði, gögn verða að vera til

staðar. Terra og sveitarfélögin sem um ræðir hafa lagt mikinn metnað í flokkun og endurvinnslu, og hafna alfarið þessum örökstuddu ásökunum,” segir í yfirlýsingunni.

Þá er bent á það af hálfu Terra að starfsaðferðir og úrgangsléiðir Terra liggja fyrir í öllu samstarfi við fyrirtæki og sveitarfélög. Aldrei hafi staðið á upplýsingagjöf til viðskiptavina Terra um vinnslu og afdrif úrgangs. – gar

## Mörgu ósvarað um Arnarholt

**FÉLAGSMÁL** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra segir mörgum spurningum ósvarað varðandi vistheimilið Arnarholt og önnur vistheimili.

„Þetta eru mjög óhugnanlegar lýsingar sem við heyrðum. Það er mikilvægt að þetta verði skoðað nánnar,” segir hún.



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

RÚV greindi frá alvarlegri vanrækslu á vistheimilinu Arnarholti.

Katrín segir að þar sem starfsemi heimilisins hafi verið á vegum Reykjavíkur sé mikilvægt að þetta verði rannsakað innan borgarkerfisins. „Borgin tekur fyrstu skrefin en það verður sérstök ákvörðun tekin ef farið verður í viðtækari rannsóknir út af þessu máli.“ – ilk

## Skipstjóri með réttarstöðu sakbornings

**COVID-19** Skipstjóri frystitogarans Júlíusar Geirmundssonar er með réttarstöðu sakbornings.

22 af 25 úr áhöfninni smituðust af kórónaveirunni í þriggja vikna veiðitúr í október. Veikindi komu upp strax á öðrum degi.

Lögreglan kallaði 23 skipverja til skýrslutöku í október. Voru þeir flestir yfirheyrðir í síma. Beðið var með að yfirheyrja skipstjórnann þar til hann var laus úr einangrun.

Málið er rannsakað sem brot á því ákvæði sjómannalaga sem kveður á um að ef skipverji sé haldinn sjúkdómi sem hætta stafar af fyrir aðra menn á skipinu, skuli skipstjóri láta flytja sjúklinginn í land ef eigi reynist unnt að verjast smíthættu á skipinu. – mhj

# Vinnustaðir fara mismunandi leiðir við styttingu vinnuviku

Verið er að ákveða hvernig stytting vinnuvikunnar fari fram á vinnustöðum hins opinbera, en sumir staðir hafa þegar skilað inn staðfestingum og styttingin tekið gildi. Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB, segir að passað verði upp á að þetta sé gert með réttum hætti. Styttu má úr 40 vinnustundum í 36.

**KJARAMÁL** Samtöl eru hafin innan ríkisstofnana og sveitarfélaga um útfærslur á styttingu vinnuvikunnar. En samkvæmt kjarasamningum á stytting allt að fjórum klukkustundum á viku í dagvinnu að taka gildi ekki síðar en um áramót.

Samkvæmt Sonju Ýr Þorbergsdóttur, formanni BSRB, hafa nokkrar ríkisstofnanir þegar skilað inn útfærslum til sinna ráðuneyta. Meiri vinna er eftir hjá sveitarfélögum en þó er Reykjavík langt komin.

„Þetta er mikið og gott ferli á hverjum vinnustað og allir taka þátt í að móta styttinguna. Það er lagt upp með að finna leiðir til að stytta verkferla og nýta vinnutímann betur,” segir Sonja. Sums staðar hefur styttingin þegar tekið gildi, um næstu mánaðamót hjá öðrum, eða um áramót.

Á hverjum stað heldur vinnutímanefnd utan um ferlið, greinir stöðuna og kemur með tillögum að sóknarfærum. Við tekur samtál á öllum vinnustaðnum sem nefndin vinnur úr. Þá eru tillögur aftur lagðar undir starfsfólk sem greiðir atkvæði um þær. Að lokum er styttingin staðfest.

„Meirihlutinn af þeim staðfestingum sem við höfum fengið hljóðar upp á fjögurra tíma styttingu,” segir Sonja. En það er markað sem BSRB og fleiri samtök launafólks vonuðust til þess að ná. En samkvæmt samningum er heimilt að stytta í allt að 36 stundir á viku úr 40. „Sumir hafa viljað hafa meiri sveigjanleika, blandaða leið, en þá minni styttingu á móti,” segir Sonja.



Aðilar vinnuarkaðarins sömdu um styttingu vinnuvikunnar síðastliðið vor. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Meirihlutinn af þeim staðfestingum sem við höfum fengið hljóðar upp á fjögurra tíma styttingu.**

Sonja Ýr Þorbergsdóttir, formaður BSRB



Aðspurð um hvaða útfærslur séu algengastar segir Sonja enga meginlinu að svo stöddu. Það er hvort vinnustaðir séu að dreifa styttingunni jafnt á alla vikuna, taka hana alla út á einum vikudegi eða fara aðra leið.

„Sumir vinnustaðir verða að hafa styttinguna á mismunandi dögum, og þá er búin til vaktarúlla til þess að tryggja sama þjónustustig,” segir hún. „Aðrir hafa meiri sveigjanleika til þess að leyfa fólki að velja hvenær í vikunni styttingin er. Einhverjir vinnustaðir hafa viljað hafa styttinguna hálfsmánaðarlega. Þetta er mjög fjölbreytt.”

Sonja segir að því verði fylgt eftir

hvort vinnustaðir séu að innleiða og sinna styttingunni. Stýrikerfi hafi verið komið á laggirnar þar sem sitji fulltrúar launafólks, ríkisins og sveitarfélaganna.

„Við fáum afrit af staðfestum samkomulögum, pössum upp á að ferlið sé unnið með réttum hætti og bendum á ef svo er ekki,” segir hún.

Aðspurð um undanþágubeiðni segir Sonja þær ekki hafa borist.

„Á þessum tímum mæðir vissulega mjög á ýmsum stofnunum. Kjarninn í verkefninu er umbóta-verkefni, að finna leiðir til að vinna hlutina betur, sem leiðir auk þess til styttingar vinnuvikunnar,” segir Sonja. kristinnhaukur@frettabladid.is



## JEEP CHEROKEE

**ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF**

**ÖFLUG DÍSELVÉL - 9 GÍRA SJÁLFSKIPTING**

**SPARNEYTINN - HLAÐINN LÚXUSBÚNAÐI**

Helsti staðalbúnaður Jeep Cherokee Longitude Luxury:

- 2.2 lítra 195 hestafía díselvél, 9 gíra sjálfskipting
- Íslenskt leiðsögukerfi
- Jeep Active Drive I Select Terrain
- Bakkmyndavél með bílastæðaaðstoð
- Með 4 drifstillingum,
- Hágæða Alpine hljómfloflutningskerfi með bassaboxi
- Rafdrifin snertilaus opnun á afturhléra
- Leðurinnrétting
- Apple & Android Car Play
- 8,4" upplýsinga- og snertiskjár
- Bluetooth til að streyma tónlist og síma

**FRÁBÆRT VERÐ: 7.990.000 KR.**



# ERTU HUNGARY?

HAFÐU AUGUN Á BOLTANUM ÞEGAR ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ  
MÆTIR UNGVERJUM Í KVÖLD OG SKELLTU ÞÉR Á BOLTATILBOÐ

**STÓR PIZZA & 2L GOS**

MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM

AD EIGIN VALI

**1.990 KR.**

1.390 KR. HEIMSENDINGARGJALD, GREIÐIST AÐEINS EINU SINNI FYRIR HVERJA PÖNTUN

ÁFRAM ÍSLAND





WOW varð gjaldþrota í mars í fyrra.

## Stjórnandi hjá WOW með mál fyrir Hæstarétt

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur fallist á beiðni skiptastjóra þrotabús WOW air um að taka fyrir mál framkvæmdastjóra hjá félaginu en í héraði og í Landsrétti var fallist á að launakrafa hans í félagið skuli teljast til forgangskrafna í þrotabúið. Í ákvörðun sinni byggir Hæstiréttur á því að úrlausn málsins geti haft fordæmisgildi um skýringu á hugtakinu nákomnir í gjaldþrotarétti.

Skiptastjóri þrotabúsins lagði áherslu á að umræddur starfsmaður hefði gegnt stöðu framkvæmdastjóra fjármálasviðs og setið í framkvæmdastjórn WOW air hf. Hann hafi bæði haft prókúruumboð fyrir félagið og heimild stjórnar til að skuldbinda það.

Telur skiptastjórnin að Landsréttur hafi engin rök fært fyrir þeirri niðurstöðu að starfsmaðurinn hafi í raun verið valdalaus þrátt fyrir framangreindar heimildir hans til að skuldbinda félagið. – að

## Nemendur vilja meira samráð

**COVID-19** Una Hildardóttir, forseti Landssambands Ungmennafélaga, brýnir fyrir stjórnvöldum og skólastjórnendum að hafa meira samráð við nemendur í ljósi óánægju vegna framkvæmda lokaprófa í framhalds- og háskólum.

Margir nemendur hafa lýst takmörkuðum sveigjanleika í sam-

### » Stúdentaráð vill að boðið sé upp á fjarpróf.

skiptum við skólayfirvöld þrátt fyrir fordæmalausur aðstæður. Una sagði á fundi almannaþingarinnar í gær að önnur Evrópulönd hefðu verið að grípa til aðgerða sem miða sérstaklega að því að hlúa að yngri kynslóðum.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur lýst verulegum vonbrigðum með að fjöldi lokaprófa við skólann verði staðpróf í stað fjarprófa á netinu. Í yfirlýsingu Stúdentaráðs er þess krafist að skólinn bregðist við þar sem ekki sé boðlegt að neyða nemendur að taka staðpróf. – iik

# Vara við óæskilegum áhrifum bygginga ofan við Bústaðaveg

Íbúar nærri lóðinni Furugerði 23 við Bústaðaveg gagnrýna harðlega áform um að breyta skipulagi svo byggja megi 30 íbúðir á lóðinni. Borgaryfirvöld eru hvött til að ganga ekki erinda fjárfesta á kostnað hagsmuna íbúanna sem fyrir eru. Þeir telja húsin of nærri Bústaðavegi og Furugerði ekki bera umferðina.

**SKIPULAGSMÁL** „Það komast ekki 30 íbúðir fyrir á þessum lóðum nema með því að skerða lífsgæði og jafnvel lýðheilsu tilvonandi íbúa húsanna,“ segir í einu af mörgum mótmælubréfum vegna áforma um byggingu 30 nýrra íbúða í Furugerði meðfram Bústaðavegi.

Lóðin Furugerði 23 liggur norðan við Bústaðaveg og upp að Grensásvegi. Á henni er tveir byggingarreitir og hefur félagið EA11 ehf. í hyggju að reisa þar þrjár byggingar á tveimur og þremur hæðum með samtals 30 íbúðum. Nágrannarnir í kring mótmæla kröftuglega í athugasemdum vegna áformaðra breytinga á deiliskipulagi svo að af framkvæmdunum geti orðið.

Meðal annars benda íbúarnir á umferðar- og bílastæðamál. Þegar séu yfir 130 hús og íbúðir við Furugerði sem sé þó ekki meira um sig en nærliggjandi götur með aðeins tólf einbýlishúsum hver. Gangstéttar séu örmjóar og fólk gangi á götunni sjálfri.

„Í svörum Reykjavíkurborgar og Skipulagsráðs við spurningum íbúa um bílastæðamál er bent á þá stefnu Reykjavíkurborgar að hvetja fólk til að nota almenningsgöngur, reiðhjól og göngustíga hverfisins til að komast leiðar sinnar. Íbúar telja þetta svar ákveðna draumsýn þar sem algengast er að að minnsta kosti einn bíll fylgi hverju heimili,“ segir í einu bréffanna.

Benda íbúar á að með nýbyggingunum yrði þrengt að Bústaðavegi. „Nú þegar er mikil umferð á Bústaðaveginum og eykst hún stöðugt á hverju ári, ekki síst vegna þéttingar byggðar,“ segir í athugasemd. Bent er á að þrengingin myndi útiloka forgangskreini fyrir strætó og sjúkrahúsi. Það væri þvert á stefnu borgarinnar um að greiða fyrir almenningsgöngum.

Íbúarnir benda á umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. „HER teldi æskilegra að fyrirhuguð íbúðarhús stæðu fjær Bústaðavegi vegna loftmengunar frá umferð, einkum svifryksmengunar,“ segir í umsögninni. Þar segir einnig að æskilegra væri að staðsetja íbúðarhús fjær veginum með tilliti til hljóðvistar. Segja íbúarnir þannig að ekki sé verið að bera hag verðandi íbúa fyrir þróstöð því tillagan uppfylli hvorki kröfur um loftgæði né hljóðvist.



Appelsínugulu húsin sýna áform um þrjár byggingar með 30 íbúðum í Furugerði ofan við Bústaðaveg. MYND/ARKÍS

**Frá þróngu eigin-gjörnu sjónarhorni sjá þau vafalaust viðskipta-tækifæri og gróðavon í byggingu 30 íbúða í Furugerði 23 og auka þannig lífshamingju sína, jafnvel þó þau jafnframt fótum troði lífshamingju okkar.**

Íbúar í Furugerði

Athugasemd er gerð við hversu nærri Bústaðavegi húsin eigi að standa. „Verður hægt að opna glugga og hurðir í suður án þess að fá inn til sín söt og ösku frá umferðinni og tala nú ekki um hávaðann þegar götur er blautur og bílar á nagla-dekkjum?“

Nefna íbúarnir að lóðin sé á klöpp og augljóslega þurfi að sprengja mikið fyrir bílakjallara. Skemmdir á nærliggjandi húsum séu óhjákvæmilegar. „Hver verður endanlega ábyrgur fyrir því tjóni sem kemur til með að skapast og hver er réttur íbúa varðandi skaðabætur?“ er spurt.

Í einu bréffanna segir að íbúar mótmæli ekki uppbyggingu innan



Lóðin Furugerði 23 teygir sig með Bústaðavegi. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

marka núverandi skipulags upp á fjórar til sex íbúðir enda hafi lóðirnar lengi verið í niðurniðslu. Þeir séu að mótmæla magninu sem reynt sé að „troða“ á reitinn. „Þetta er ekki gáfuleg uppbygging þar sem þetta mun skapa rig og leiðindi fyrir nærliggjandi náganna. Þetta er einfaldlega byggt á græðgi fjárfesta sem eiga ekki raunverulega hagsmuni þarna.“

Hjón á áttræðisaldri sem hafa búið í einbýlishúsi næst lóðinni í tæpa hálfa öld skora á borgaryfirvöld að nýta sér ákvæði í samkomulagi við lóðarhafana um að segja

megi því upp einhliða ef samþykkt deiliskipulag lægi ekki fyrir í nóvember 2019. Borgin megi ekki veita byggingarleyfi sem gangi gróflega gegn hagsmunum íbúa í grenndinni.

„Frá þróngu eigin-gjörnu sjónarhorni sjá þau vafalaust viðskipta-tækifæri og gróðavon í byggingu 30 íbúða í Furugerði 23 og auka þannig lífshamingju sína, jafnvel þó þau jafnframt fótum troði lífshamingju okkar og fjölda annarra íbúa við Furu- og Espigerði,“ segir um eigendur byggingarlóðarinnar Furugerðis 23 í bréfi hjónanna.

gar@frettabladid.is

## Fallnir kranar komnir til ára sinna

**STJÓRNSÝSLA** Það sem af er ári hafa tveir byggingarkranar fallið á hliðina við byggingarstaði. Mikil mildi er að engin slys hafi orðið á fólki en óhöppin gætu leitt til þess að eftirlit með byggingarkrönum verði aukid hérlandis, í takt við það sem tíðkast í til dæmis í Danmörku. Fullt tilefni sé til, enda er hlutfall krana sem komnir eru til ára sinna hátt hérlandis. Þannig var krani sem féll til jarðar í janúar á þessu ári af árgerðinni 1993, en kraninn sem féll í byrjun nóvember var árgerð 1991.

„Sá fyrri fauk niður í hvasviðri. Niðurstæða Vinnueftirlitsins var sú að kraninn hefði að öllum líkindum verið fastur í vindbremsu. Vardandi þann sem féll nú í nóvember þá stendur rannsókn yfir og er lítið hægt að fullyrða um niðurstöður. Þó er vitað að hvasviðri gekk yfir þennan dag og er ekki útilokað að veður hafi haft áhrif á að kraninn féll,“ segir Vera Einarisdóttir, upplýsingafulltrúi Vinnueftirlitsins.

**Í ljósi þeirra tilvika sem hafa komið upp undanfarið hefur Vinnueftirlitið ákveðið að taka málið upp í nýskipuðu vinnuverndarráði í mannvirkjagerð.**

Vera Einarisdóttir, upplýsingafulltrúi Vinnueftirlitsins



Eftirlit með byggingarkrönum hérlandis er með þeim hætti að sérstakar skoðanir fara fram árlega auk þess sem Vinnueftirlitið framkvæmir takmarkaðar úttektir, svokallaðar eftirlitsskoðanir, í hvert skipti sem krani er reistur á nýjum stað. Er það á ábyrgð eigenda að kalla eftir slíkum skoðunum.

Í svari Vinnueftirlitsins við fyrirspurn Fréttablaðsins kemur fram að 54 prósent allra byggingarkrana á Íslandi séu árgerð 2009 eða eldri. Hins vegar séu 30 prósent allra krana frá 2017 eða yngri.

Undanfarin ár hefur verið til skoðunar að gefa út sérstaka reglugerð sem myndi kveða á um sérstaka skoðun á tíu ára fresti. Sú reglugerð hefur ekki enn hlotið brautargengi innan stjórnsýslunnar en hin tíu slys undanfarið hafa gert það að verkum að mögulega verður breyting þar á.

„Í ljósi þeirra tilvika sem hafa komið upp undanfarið hefur Vinnueftirlitið ákveðið að taka málið upp í nýskipuðu vinnuverndarráði í mannvirkjagerð,“ segir Vera.

„Að því er varðar öryggi krana verður skoðað hvort ástæða sé til að taka upp sérstakar skoðanir þegar kranar verða 10 ára og eldri eða hvort grípa eigi til annarra aðgerða.“ – bp

**Frödinge**  
SMALAND 1929

Sýndsamlega góð kaka með engri fyrirhöfn!

Kladdkaka

**Kährs®**  
QUALITY IN WOOD SINCE 1857

2017-2020 Fyrirmyndarfyritæki í rekstri  
Væðingunni 24 keldun

2016-2020 Framúrskarandi fyritæki

# VÖNDUÐ & VISTVÆN VIÐARGÓLF

KÄHR'S PARKET BORDLEGGJANDI GÆÐI

**Birgisson®**



Svansvottað parket

Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | [www.birgisson.is](http://www.birgisson.is)



Frá blaðamannafundi lýðræðis-  
sinna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Lýðræðissinnar segja af sér

**HONG KONG** Allir lýðræðissinnar þingmenn Hong Kong hafa sagt af sér í samstöðuskyni með fjórum öðrum þingmönnum sem reknir voru frá störfum.

Uppsagnirnar koma í kjölfar þess að kínversk yfirvöld gáfu stjórnvöldum í Hong Kong leyfi til að reka þingmenn sem styðja sjálfstæði Hong Kong eða eru taldir ógn við þjóðaröryggi.

Brottrekstur þingmannanna fjögurra er sagður nýjasta útspil kínverskra stjórnvalda til að hefta sjálfstæði Hong Kong enn frekar.

„Við getum ekki lengur sagt heiminum að við séum ennþá eitt land með tvö kerfi,“ sagði Wu Chi-wai, formaður lýðræðissinna í Hong Kong, þegar hann tilkynnti blaðamönnum um uppsagnirnar.

Þetta er í fyrsta skipti síðan 1997 þegar Bretar skiluðu yfirráðum borgrikisins til Kína, að nánast engin stjórnarandstaða er til staðar á þinginu. –atv

## Úlfar og Grímur lögreglustjórar

**STJÓRNSÝSLA** Úlfar Lúðvíksson, lögreglustjóri á Vesturlandi verður lögreglustjóri á Suðurnesjum. Grímur Hergeirsson, sem hefur starfað sem staðgengill lögreglustjórans á Suðurnesjum, verður lögreglustjóri í Vestmannaeyjum. Þetta hefur Fréttablaðið eftir áreiðanlegum heimildum.



Úlfar  
Lúðvíksson



Grímur  
Hergeirsson

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra hefur ekki skipað þá í embætti en talið er líklegt að það gerist á næstu dögum. –mhj

## Brasilía prófar CoronaVac á ný

**BRASILÍA** Heilbrigðisyfirvöld í Brasilíu hafa tilkynnt að tilraunir á kínverska COVID-19 bóluefninu CoronaVac megi hefjast þar á ný.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá var prófunum á bóluefninu í Brasilíu hætt þar í landi í ljósi þess að upp hefði komið óvænlegt atvik tengt þeim. Nú hefur verið greint frá því að umrætt atvik hafi verið andlát en hafi verið ótengt bóluefninu.

Í tilkynningu frá heilbrigðisyfirvöldum er sagt að nú liggi fyrir nægar upplýsingar til að prófanir geti hafist á ný, en þetta segi ekkert til um öryggi eða áhrif bóluefnisins.

Jair Bolsonaro, forsætisráðherra Brasilíu, hefur ekki tjáð sig um tilkynninguna, en hann fagnaði stöðvun á tilraunum CoronaVac sem persónulegum sigri á Facebook. –atv

## Flugleigubíll prófaður



Þetta kann að vera samgöngumáti framtíðarinnar. Kínverska fyrirtækið Ehang prófaði einn slíkan, EH216, í Seúl í Suður-Kóreu í gær. Stefnir fyrirtækið á að vera komið með svona tæki í fullt gagn árið 2025. Farartækið minnr einna helst á mjög stóran dróna, eða flygildi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Því fylgdi mikil skömm að ala upp börn á ofbeldisheimili

Jenny Kristín Valberg, kynjafræðingur og ráðgjafi í Kvænnaathvarfinu, fagnar auknum úrræðum fyrir börn í athvarfinu. Hún bjó við ofbeldi í þrettán ár og lýsti ásamt dætrum sínum tveimur reynslunni af því að búa á ofbeldisheimili á Kynjaþingi í gær. Ofbeldismaðurinn kenndi þeim sjálfum um ofbeldið.

**SAMFÉLAG** Jenny Kristín Valberg, kynjafræðingur og ráðgjafi í Kvænnaathvarfinu, tekur því fagnandi að sjónum sé nú betur beint að börnum sem koma í athvarfið.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í gær hafa hundrad börn dvalið í athvarfinu það sem af er árinu sem eru jafn mörg börn og allt árið í fyrra. Ráðinn hefur verið félagsráðgjafi í fullt starf til að sinna börnum kvænna sem leita í athvarfið.

Jenny bjó sjálf við ofbeldi í þrettán ár. Á Kynjaþingi í gær sem helgað var börnum og heimilisofbeldi sagði Jenny frá upplifun sinni sem móðir á heimilisofbeldisheimili ásamt því að sögð var saga dætra hennar tveggja.

„Börn eru svo bjargarlaus í þessum aðstæðum og það hefur sýnt sig að áföll í æsku geti haft gríðarleg áhrif á fullorðinsárunum,“ segir Jenny sem kveðst hafa fundið fyrir mikilli sektarkennd gagnvart því að börnin hennar hafi alist upp á ofbeldisheimili og að mikilvægt sé að opna umræðu um heimilisofbeldi og afleiðingar þess.

„Það eru margir svo uppfullir af skömm, sektarkennd og sjálfsásökunum að þeir treysta sér jafnvel ekki í það að fara í þessa sjálfsvinnu með sig og börnin, en það er mikilvægt fyrir bæði konur og börn í þessum aðstæðum,“ segir Jenny.

Yngsta dóttir Jennýjar greindi frá því á Kynjaþinginu að hún hefði búið við stanslausan ótta fyrstu ár sín og þjáist af áfallastreituröskun.

„Ég brotna niður ef að ég heyrir í hurðum eða skápum skellast eða ef einhver hækkar róminn við mig. Ég var alltaf öðruvísi en krakkar á mínum aldri og áttaði mig ekki á af hverju,“ segir hún.



Sumir þolendur ofbeldis eru svo uppfullir af skömm, sektarkennd og sjálfsásökunum að þeir treysta sér ekki sjálfsvinnu með sig og börnin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Ofbeldishegðun beinist gegn öllum á heimilinu, burtséð frá því hvort það er ætlunin eða ekki.

Jenny Kristín Valberg, kynjafræðingur og ráðgjafi í Kvænnaathvarfinu



„Ég mátti ekki koma með vini heim og ef ég gerði það var þeim hent út fyrir mat og pabbi talaði ekki við mig restina af kvöldinu,“ bætir dóttir Jennýjar við.

Eldri dóttir Jennýjar og stjúpdóttir mannsins minnst þess hvernig stjúpaðir hennar eldaði á hverju kvöldi, en gætti að því að í matinn væri eitthvað sem börnin gátu ekki borðað.

„Ég kenndi litla bróður mínum aðferð til að borða matinn með vatni án þess að tyggja. En okkur var skammtað vatni eftir að hann fattaði það. Stundum þegar tækifæri gafst laumaðist mamma með mat inn til okkar þegar hann sá ekki til,“ segir eldri dóttirin.

Jenny segist hafa reynt eftir mesta megni að fela ofbeldið fyrir börnunum og draga úr því, til að mynda með því að lauma mat til barnanna.

„Ég reyndi eins og ég gat að búa þeim „eðlilegt heimilislíf“ en á sama

tíma og ég reyndi að milda áhrifin af stjórnuninni og stýringunni, var ég að normalisera hegðun hans,“ segir Jenny.

„Það er vitað að ofbeldismaðurinn afsakar hegðun sína með því hann sé brotabólinn. Hann þarf að berja í borðið eða skella hurðum vegna þess að við gerðum eitthvað eða fórum ekki eftir hans fyrir-mælum,“ útskýrir Jenny viðhorf ofbeldismannsins.

„Þetta er streituvaldandi umhverfi,“ heldur Jenny áfram. „Og það er gríðarlega mikilvægt að börn sem alast upp við ofbeldi fái hjálp, en ofbeldishegðun beinist gegn öllum á heimilinu, burtséð frá því hvort það er ætlunin eða ekki.“

birnadrofn@frettabladid.is



# GÓÐA NÓTT

## Royal Corinna

# 20% AFSLÁTTUR



STÆRÐ 180X200 CM  
FULLT VERÐ 209.600 KR

VERÐ MEÐ 20% AFSLÆTTI  
VERÐ 167.680 KR

STÆRÐ 160X200 CM  
FULLT VERÐ 164.400 KR

VERÐ MEÐ 20% AFSLÆTTI  
VERÐ 131.520 KR

### Royal Corinna

Millistíft heilsurúm með góðu fimm svæðaskiptu pokagormakerfi og millistífri (áfastri) yfirdýnu. Steyptir kantar sem gefa stærra svefnsvæði. Einstaklega vandað rúm á frábæru verði.

DÚNSÆNGUR  
20% AFSL  
SCANDUN ECO DÚNSÆNG



### VERÐDÆMI

STÆRÐ 140X200 CM  
FULLT VERÐ 13.770 KR

VERÐ MEÐ 20% AFSLÆTTI  
VERÐ 11.016 KR

# Minnka má kolefnislosunina um tugi prósent með endurheimt votlendis

Samkvæmt nýrri skýrslu sem gerð var fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga er kolefnislosun hlutfallslega mikil á Suðurlandi vegna framræsingar lands á síðustu öld. En þar eru einnig tækifæri til að draga úr losun með endurheimt votlendis á ónýttum móm. Alls veldur landnotkun 85 prósentum af heildarlosun landshlutans. Enginn vafi sagður að endurheimt votlendis sé ódýrasta leiðin.

**UMHVERFISMÁL** Framræsing lands veldur langsamlega mestri kolefnislosun á Suðurlandi samkvæmt skýrslu Environice sem gerð var fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, alls 85 prósentum af heildarlosun landshlutans. Af framræstu landi er einungis einn sjötti notaður undir tún, en meirihlutinn er óræktaður.

Ekki liggur fyrir hversu stór hluti af hinu óræktaða landi er ekkert nýttur. Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur hjá Environice, segir að fyrir utan mannvirki hafi einhver hluti hins óræktaða framræsta lands verið notaður undir hrossabeit.

„Tækifærin eru í óræktaða landinu,“ segir Stefán. „Það þarf að greina hvar eru tækifæri til endurheimtar án þess að það leiði til árekstra við aðra hagsmuni. Það er ekki fráleitt að ætla að það sé að minnsta kosti helmingurinn.“ Sinumóar sem ónýttir séu geri í raun ekkert annað en að losa kolefni daginn út og inn. Með endurheimt votlendis væri hægt að skera losunina niður um um það bil 30 til 40 prósent í landshlutanum.

Nærstærsti losunarvaldurinn



Framræsluskurðir voru víða grafnir á síðustu öld. MYND/JÓN GUÐMUNDSSON

er samgöngur með um 6,5 prósent af heildarlosun og þar á eftir losun vegna búfjár, tæp 5 prósent. Orkunotkun heimilanna og fyrirtækja er lítil í stóra samhenginu. Vel innan við 2 prósent og meðhöndlun úrgangs innan við 1 prósent af heildarlosun.

Þegar losun er mæld er landnotkun ekki alltaf höfð með í jöfnunni, en hún samsvarar um fjórðungi heildarlosunar heimsins. Á Íslandi er hlutfallið hins vegar 66 prósent og því mikil tækifæri í endurheimt.

Stærstur hluti hins framræsta lands á Suðurlandi er á svæðinu

Enginn vafi leikur á að þetta er ódýrasta leiðin til að minnka losunina.

Stefán Gíslason  
umhverfisstjórnunarfræðingur



frá Ölfusi austur að Landeyjahöfn og norður að Bláskógabyggð. Vegna þess hve fáir búa á svæðinu og hversu víðfeðmt það er verður losunin því hlutfallslega há á hvern íbúa, það er rúmlega 24 prósent losunar landsins kemur frá Suðurlandi en aðeins rúmlega 8 prósent Íslendinga búa þar.

Þegar er búið að framræsa 77 prósent af votlendi Suðurlands, sem er tæplega sjö prósent af heildarflatarmálinu. Fyrir mörgum áratugum fengu bændur styrki til að ræsa fram og ekki varð allt að ræktarlandi. Stefán segir ekki hægt að kenna þeim um því vitneskjan um loftslagsmál hafi ekki legið fyrir. Enn sé þetta þó viðkvæmt mál fyrir suma. „Mýri er bara mór sem not-

aður var til eldiviðar áður fyrr. Nú brennur hann hægar, jarðvegurinn hverfur og landið sígur,“ segir Stefán.

Skógrækt og landgræðsla nær aðeins að binda 174 þúsund tonn af kolefni á Suðurlandi en hið framræsta land losar meira en þrjár milljónir. Stefán segir endurheimt votlendis mun ódýrari og skilvirkari leið til að draga úr losun.

„Enginn vafi leikur á að þetta er ódýrasta leiðin til að minnka losunina,“ segir hann. „Kostnaðurinn er á bilinu 25 þúsund til 100 þúsund á hektarar. Í landgræðslu og skógrækt er hægt að ná um þriðjungi af árangrinum fyrir fjórfalt meiri pening. En auðvitað er engin ein leið sú eina rétta. Best er að sækja fram á öllum þessum vígstöðvum.“

Fyrsta skrefið til að takast á við þetta vandamál sé að greina þau svæði sem beinast liggja við að endurheimta. Undir hvað þau séu notuð og hvert eignarhaldið sé. Að gera grunnrannsóknir á þeim, svo sem hvað varðar jarðvegsgerðina. Þá beri að vernda það votlendi sem enn er óraskað með hverfisvernd eða friðlýsingu því vegna útþenslu íbúa byggðar séu þau svæði undir þrýstingi. kristinnhaukur@frettabladid.is



**KÁRI**  
Einarsson

**HANNES**  
Agnarsson Johnson

**JÓN DAÐI**  
Pétursson

**ARON**  
Óskar Þorleifsson

# Ódýrari útgáfan

# Forsetinn fráfarandi gefur sér lítinn tíma til embættisverka

Donald Trump, fráfarandi Bandaríkjaforseti, kom fram í fyrsta sinn í sex daga í gær en hélt ekki tölu. Joe Biden, verðandi Bandaríkjaforseti, hefur hins vegar margsinnis komið fram opinberlega síðustu daga og ræðir við erlenda þjóðhöfðingja. Búast má við að Biden tilkynni um fyrstu ráðherra sína á næstunni.

**BANDARÍKIN** Donald Trump, fráfarandi Bandaríkjaforseti, var viðstaddur minningarathöfn um fallna hermenn í Arlington-kirkjugarðinum í Virginíu í gær. Er þetta í fyrsta skipti í sex daga sem hann kemur opinberlega fram, en hann hélt ekki tölu á viðburðinum.

Á þriðjudag fundaði hann með lögmannateymi sínu en hefur gefið sér lítinn tíma til að sinna störfum sem forseti. Að minnsta kosti út frá uppgefni dagskrá Hvíta hússins. Síðan Trump smitaðist af veirunni fyrir rúmum mánuði hefur verið afar lítið um fundi og viðburði á dagskránni, en vitaskuld eru sumir þeirra leynilegir. Fram að kjördegi fór mestur tíminn í kosningasamkomur og eftir hann í baráttuna gegn útkomunni.

Trump tístir af áfergju eins og vanalegt er, en hann hefur ekki gefið blaðamönnum færi á að bera upp spurningar eftir kosningarnar. Hvort heldur er um valdaskiptin eða faraldurinn sem nú er í hæstu hæðum. Um 100 til 150 þúsund Bandaríkjamenn greinast með COVID-19 á hverjum degi og dauðsföllin eru á bilinu 500 til 1.500.



Trump sást opinberlega í gær í fyrsta skipti í sex daga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Varaforsetinn Mike Pence hefur einnig haldið sig frá sviðsljósinu og hefur ekki svarað neinum spurningum frá því á kjördag. Hefur hann aðeins tíst að hann styðji forsetann og krefjist þess að öll „lögleg atkvæði“ verði talin.

Joe Biden hefur á hinn bóginn komið ítrekað opinberlega fram og rætt við ýmsa þjóðhöfðingja. Þá hafa fjölmiðlar vestanhafs velt mikið fyrir sér hverjir verði tilnefndir sem ráðherrar í stjórn Bidens, en hann hefur sagt að að

» Öldungadeild Bandaríkjaþings hefur neitunarvald þegar kemur að skipun ráðherra.

minnsta kosti tveir verði tilkynntir fyrir þakkargjörð, 26. nóvember.

Hendur Demókrata verða þó sennilega bundnar að einhverju leyti, því að öldungadeildin hefur neitunarvald. Talið er að Mitch McConnell, leiðtogi Repúblikana í deildinni, muni koma í veg fyrir að róttækara fólk á borð við Bernie Sanders og Elizabeth Warren verði fyrir valinu. Þá vill Chuck Schumer, leiðtogi Demókrata í deildinni, ekki missa mikilvægt fólk í ljósi þess hversu mjótt er á munum á þinginu. Amy Klobuchar, sem bauð sig fram til forseta, og Doug Jones, sem tapaði nýlega sæti sínu í deildinni, hafa verið nefnd til sögunnar. Einnig Stacey Abrams, sem talin er hafa átt stóran þátt í sigri Bidens í Georgíufylki. kristinnhaukur@frettabladid.is



Simon Coveney, utanríkisráðherra Írlands, er svartsýnn á framhaldið.

## Bretum verði settir afarkostir

**ÍRLAND** Náist ekki að semja um útgöngusamning vegna Brexit í næstu viku eru líkur á að Evrópusambandið muni setja Bretum afarkosti. Þetta segir Simon Coveney, utanríkisráðherra Írlands.

„Ég held að það sé raunverulegur möguleiki á því að viðræður slitni og við fáum engan samning. Það kæmi mér alls ekki á óvart,“ sagði Coveney á vefráðstefnu þegar möguleikinn á samningi kom til tals.

Mánaðalangar samningaviðræður hafa enn dregist og hafa nú rofið þann lokafrest sem Evrópusambandið setti Bretum. Enn hefur ekki náðst að semja um ríkisaðstoð, hvernig leysa eigi viðskiptadeilur og afleiðingar þeirra og vegna fiskveiðikvóta.

„Það verður erfitt að ná samningi á næstu vikum en ég held að það sé gerlegt,“ sagði Coveney. „Samningsleysi er engum í hag. Evrópusambandið þarf einnig að sýna málaþöfnun til að koma til móts við Bretland.“ – atv

**GYLFI ÞÓR**  
Sigurpálsson

**BIRKIR**  
Ólafsson

**KOLBEINN**  
Ari Arnórsson

**ORKAN**

## Við stöndum öll saman

Strákarnir í íslenska landsliðinu í knattspyrnu ætla að leggja allt í sölurnar í kvöld enda laust sæti á Evrópumótinu í húfi. Við sendum baráttukveðjur út og óskum þeim góðs gengis. Áfram Ísland!

## MARKAÐURINN

## Líkur á að vextir á íbúðalánum hækki

Vextir á ríkisskuldabréfum og sértrygðum skuldabréfum hafa farið hækandi á síðustu þremur mánuðum. Sjóðsstjórar telja líklegt að vextir á húsnæðislánum muni hækka. Seðlabankinn sagður vera að tapa trúverðugleika þegar kemur að íhlutun á markaði.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson  
tfh@frettabladid.is



**A**vöxtunarkrafa lengri ríkisskuldabréfa hefur hækkað um hátt í eina prósentu á þremur mánuðum og á sama tíma hafa fjármögnunarkjör bankanna á markaði, það er kjör sértrygðra bréfa, versnað. „Það eru allar líkur á að fastir vextir á íbúðalánum bankanna muni að óbreyttu hækka nokkuð á næstunni vegna þessarar þróunar,“ segir Agnar Tómas Möller, sjóðsstjóri skuldabréfa hjá Kviku eignastýringu.

Bankar fjármagna útlán til íbúðakaupa með því að gefa út svokölluð sértrygð skuldabréf, en verðlagning þeirra miðast við ákveðið álag ofan á avöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa. Þegar avöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa hækkar, þá hækkar sömuleiðis avöxtunarkrafa sértrygðu bréfanna og þar með fjármögnunarkostnaður bankanna og vextir á íbúðalánum.

Á síðustu þremur mánuðum hefur avöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa og sértrygðra ríkisskuldabréfa hækkað töluvert. Hækkun ríkisskuldabréfa er á bilinu 0,56 til 0,97 prósentustig eftir lengd bréfanna og hækkun sértrygðra bréfa er á svipuðu bili.

„Niðurstaðan er sú að langtíma-vextir eru nú hærrí en í febrúar síðastliðnum og því eru stýrivaxtalækkunarir að skila sér að mjög takmörkuðu leyti yfir í fjármögnunarkjör til lengri tíma,“ segir Birgir Haraldsson, sjóðsstjóri hjá AKTA sjóðum. „Vaxtagrunnurinn sem ríkisskuldabréf mynda hefur hækkað skarpt undanfarnar vikur og fjármögnunarkjör bankanna versnað að sama skapi.“

Íslandsbanki hækkaði vexti á húsnæðislánum í lok október en hækkunin var rökstudd með vísan til hækkingu á avöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði.

#### Seðlabankinn sér á báti

„Það er vissulega áhyggjuefni ef lækkun stýrivaxta er ekki að skila sér nægilega vel í skuldabréfamarkaði sem myndar grunn að verðlagningu húsnæðislána. Þetta verður að fylgjast að,“ sagði Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, í viðtali við Markaðinn í síðustu viku. Vaxtahækkun Íslandsbanka nam allt að 0,35 prósentustigum og náði til nýrra lána.

Birgir segir að vextir á húsnæðislánum geti hækkað meira á næstu



Eftir að hafa verið í biðstöðu um margra mánaða skeið hóf Seðlabankinn að nýju kaup á ríkisskuldabréfum í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

missurum. „Það verður því áhugavert að fylgjast með fundi peningastefnufundar í næstu viku og heyra hver sýn bankans er á þessa framkvæmd og hvort hann telji sig hafa náð markmiðum sínum með henni eða ekki,“ segir Birgir.

Seðlabankinn boðaði kaup á ríkisskuldabréfum, svokallaða magnbundna íhlutun, fyrir allt að 150 milljarða í mars, en þannig vildi bankinn tryggja að fjármagnspörf ríkisins myndi ekki þrýsta upp avöxtunarkröfunni. Í byrjun nóvember hafði bankinn hins vegar aðeins keypt ríkisbréf fyrir 90 milljónir króna.

„Ég veit ekki til þess að seðlabanki í þróðu ríki hafi hvorki hafið magnbundna íhlutun að ráði né gefið leiðsögn um vaxtaþróun frá því að heimsfaraldurinn hófst og því er Seðlabanki Íslands líklega nokkuð sér á báti hvað það varðar – því þarf ekki að koma á óvart að vextir hafi hér rokið upp langt umfram nær öll önnur ríki seinustu mánuði,“ segir Agnar.

Talið var að Seðlabankinn hefði ákveðið að vera í biðstöðu þangað til þrýstingur á markaði vegna

●● Það eru allar líkur á að fastir vextir á íbúðalánum bankanna muni að óbreyttu hækka nokkuð á næstunni.

Agnar Tómas Möller, sjóðsstjóri hjá Kviku



sölu BlueBay Asset Management á íslenskum ríkisskuldabréfum minnkaði. BlueBay, sem er eitt stærsta sérhæfða skuldabréfastýringar fyrirtæki Evrópu, seldi öll eftirstandandi ríkisskuldabréf sín fyrir meira en 20 milljarða króna síðustu vikuna í október. Í kjölfarið steig Seðlabankinn inn á markaðinn og hóf að nýju kaup á ríkisskuldabréfum í þessari viku.

**Skortur á lausafé ekki vandinn** „Nú sérstaklega seinustu mánuði,“ útskýrir Agnar, „hafa forsvars-

menn bankans ítrekað í máli og riti að þeir myndu bregðast við ef mikill hallarekstur hins opinbera myndi leiða til óeðlilegrar hækkunar á langtímaavöxtum og það er ekki fyrr en í þessari viku sem það örlar á aðgerðum. Ég held að bankinn hafi tapað trúverðugleika með síundurteknum yfirlýsingum sem hann hefur ekki staðið við, sem hafi smám saman grafið undan skuldabréfamarkaðnum og trú hans á að geta virkað sem skyldi án hjálpar frá Seðlabankanum.“

Þá segir hann að skortur á lausu fé virðist ekki vera vandamálið þar sem innlán heimila, fyrirtækja og lífeyrissjóða, sem bera mun lægri raunvexti en skuldabréf, hafa vaxið mikið á árinu. „Heldur ekki vaxtamanunur við útlönd sem hefur rokið upp, en sem dæmi eru langtíma raunvextir svipaðir og þeir voru fyrir ári á meðan þeir hafa lækkað um heilt prósentustig í Bandaríkjunum. Þróun vaxtastigs á skuldabréfamarkaði virðist því að mestu leyti orsakast af hnökrum í miðlun peningastefnunnar,“ segir Agnar.

Birgir tekur í sama streng og bendir á að framboð á ríkisbréfum

●● Íhlutun bankans hefur reynst bæði magnlaus og andlaus og er Seðlabankinn að missa trúverðugleika sinn.

Birgir Haraldsson, sjóðsstjóri hjá Akta



frá því að Seðlabankinn tilkynnti fyrst um magnbundna íhlutun hafi verið fyrirsjáanlegt. Seðlabankinn hafi aftur á móti verið ófyrirsjáanlegur og mjög óskýr í sínum aðgerðum. „Aðgerðin átti að sporna gegn því að stóruaukin og fyrirsjáanleg útgáfupörf ríkissjóðs myndi þrýsta upp vaxtastigi í landinu. Íhlutun bankans hefur reynst bæði magnlaus og andlaus og er Seðlabankinn að missa trúverðugleika sinn varðandi þessa framkvæmd,“ segir Birgir.

## Eyða þarf óvissu um fyrirkomulag sóttvarna á landamærum strax

**M**ikilvægt er að fyrirsjáanleiki umfangs sóttvarna á landamærunum liggja fyrir sem allra fyrst, þar sem sölutímabil áfangastaða ferðamanna á næsta ári er þegar hafið. Þetta segir Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair.

„Sölutímabilið fyrir næsta sumar er hafið og ef Ísland sem áfangastaður á að standast samkeppni við aðra spennandi áfangastaði í heiminum þá er mikilvægt að ákvörðun verði tekin og kynnt fljótt, annars getum við misst af lestinni. Það er mjög mismunandi hvaða takmarkanir eru í gildi í hverju landi fyrir sig innan Evrópu, en ytri landamæri Schengen og Norður-Ameríku eru

áfram nánast lokuð. Við erum þó með hvað ströngustu reglurnar á landamærum hér á Íslandi miðað við önnur lönd innan Evrópu,“ segir Bogi Nils.

Í gær birtust niðurstöður vinnu starfshóps um breytt fyrirkomulag skimunar á landamærum á vefsíðu fjármálaráðuneytisins. Þar eru kynntar til sögunnar þrjár tillögur.

Leið A felur í sér vottorð um skimun í heimalandi og seinni skimun á landamærum. Leið B fæli í sér enga breytingu frá núverandi fyrirkomulagi nema að ferðamannafæru í svokallaða ferðamannasmitgát fram að seinni skimun í stað sóttkvíar. Leið C fæli svo í sér

●● Við erum þó með hvað ströngustu reglurnar á landamærum hér á Íslandi miðað við önnur lönd innan Evrópu.

Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair Group



að skilyrði bæði leiða A og B myndu gilda.

„Við höfum talað fyrir leið A eða B og teljum þær raunhæfar. Leið C, hins vegar, felur í sér aukid flækjustig sem við teljum að muni hafa neikvæð áhrif á vilja fólks til að ferðast hingað til lands. Þá eru líka fleiri leiðir mögulegar sem skapa fyrirsjáanleika, eins og lítaflokkunarkerfið sem framkvæmdastjórn ESB hefur kynnt og Ísland hefur samþykkt sem aðili að Schengen. Aðalatriðið er að við vöndum okkur við útfærsluna og hún sé unnin í nánú samstarfi við ferðaþjónustuna,“ segir forstjórinn.

Bogi nefnir einnig að það sjáist

» Leið A felur í sér vottorð um skimun í heimalandi og seinni skimun á landamærum. Leið B felur í sér ferðamannasmitgát fram að seinni skimun í stað fimm daga sóttkvíar eftir komu.

svart á hvítu að núverandi reglur á landamærunum hafi nánast alveg dregið úr eftirspurn ferðalaga til Íslands. „Við höfum hins vegar öll hag af því að stíga varlega til jarðar og að breytingar verði gerðar á ábyrgan og öruggan hátt, byggt á ítarlegri greiningu.“ – thg

Sírius

HÁTÍÐAR-  
ÚTGÁFA



## Hátíð handa þér

Sírius súkkulaði hefur fylgt íslensku þjóðinni síðan 1933. Við Íslendingar höfum notið Sírius súkkulaðis hversdagslega en ekki síst þegar við viljum gera okkur glaðan dag og njóta þess besta. Með hátíðarútgáfu vinsælla tegunda tekur Sírius þátt í gleðinni með landsmönnum og færir þeim uppáhalds súkkulaðið sitt með hátíðarbrag.



NÓA  
Konfekt

NS  
NÓI SÍRÍUS



Brúnavík ber nafn með rentu og er tilvalin til bæði sjó- og sólbaða. MYND/SIGRÚN HALLA HALLDÓRSDÓTTIR

# Baðströndin Brúnavík

Tómas Guðbjartsson hjartaskurð-læknir og náttúruunnandi og Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Ein af helstu perlum Víknaslóða er Brúnavík sem liggur sunnan Borgarfjarðar eystra. Hún ber nafn með rentu því sléttur Brúnavíkursandurinn er fallega brúnn líkt og líparitklettur upp af honum sem kallast Hrafnaklettur. Ef ekki væri fyrir kaldan sjóinn og óstöðugt veðurfar væri þarna fullkomin baðströnd sem gæfi þeim í suðrænum löndum ekkert eftir, enda skartar Brúnavík tignarlegum fjallgördum beggja vegna sem enda yst í sæbröttum hömrum. Upp af Brúnavík er síðan mikill og fjölbreyttur gróður með heiðum þar sem fifa umlykur litlar tjarnir.

Í Brúnavík var löngum tvíbyli, enda tiltölulega snjólétt og tún og engjar sem hentuðu vel til búskapar. Þarna var líka lending og stutt á fengsæl fiskimið sem gerði ábúendum kleift að stunda útræði meðfram búskap.

Það er auðveldast að komast í Brúnavík gangandi og liggur algengasta gönguleiðin austan sérlega reisulegs líparitfjalls, Geitfells (587 m). Er þá lagt af stað við sjónvarpsmastur á Ölduhamri í Borgarfirði og gengið þaðan um Brúnavíkurskarð sem liggur í 360 m hæð. Efst byðst frábært útsýni til Dyrfjalla og Dyrfjallatinds en einnig sést vel yfir Borgarfjörð. Stuttu síðar blasir litrík Brúnavík við með einkar snoturri ströndinni. Á leiðinni niður í Víkina er gengið fram hjá eyðibýlunum uns sést í neyðarskýli SVFÍ. Þar er vaðið eða stiklað yfir Brúnavíkúrá sem rennur eftir dalnum og út í Víkina. Þarna má kasta mæðinni en í góðu veðri er tilvalið að skella sér í sjó-sund og jafnvel ná smá sólbrúngu. Saltan sjóinn má síðan skola af sér í litlum fossi í fyrrnefndri á. Ganga fram og til baka úr Borgarfirði í Brúnavík er 12 km og má hæglega ná á einum degi, og er busl í sjónum þá innifalið. Í stað þess að ganga sömu leið til baka er valkostur að ganga upp með Brúnavíkúrá að Brotagili. Þar er göngubrú yfir ána og vegslóða síðan fylgt yfir Hofstrandarskarð í Borgarfjörð. Einnig má ganga utar úr Brúnavík yfir Hafnar-skarð að bænum Höfn sem er ysti bærinn í Borgarfirði. Sprækt göngufólk ætti hins vegar að þræða áfram Víknaslóðir á nokkrum dögum og skoða í leiðinni næstu perlu í hálsfesti Víknaslóða, Kjólsvík og Breiðuvík.



Fókus á hjarta landsins



Af Brúnavíkurskarði er afar fallegt útsýni til Dyrfjalla. MYND/TG




Í Brúnavík var löngum tvíbyli og þar var búið fram til ársins 1944. MYND/TG

# „SNILLINGUR!“

FINANCIAL TIMES



4.  
Metsölulisti  
Eymundsson  
Allar  
bækur



„BÓKIN ER VEL SKRIFUÐ OG  
FLÉTTAN VEL SETT SAMAN.“

Helga Ósk Hreinsdóttir, bóksali

„Þessi **framúrskarandi** fyrsta skáldsaga Evu Bjargar er ekki aðeins **safarík** ráðgáta heldur líka hrollvekjandi lýsing á því hvernig skrímli verða til.“  
*The Times um Marrið í stiganum*

„Eva Björg Áegisdóttir sýnir hér og sannar að hún er jafn mikill snillingur í þessari kuldalegu list og starfsbræður (og -systur) hennar. **Elma er ógleymanleg og flókin persóna.**“ *Financial Times um Marrið í stiganum*

„Aðdáendur norrænna glæpasagna munu kunna að meta þessa heillandi frumraun. Hún er **paulhugsuð, blæbrigðarík** með geðþekkri aðalpersónu og ber með sér fyrirheit um fleiri magnaðar sögur.“  
*Ann Cleeves um Marrið í stiganum*

VERÖLD



[bjartur-verold.is](http://bjartur-verold.is)

# Það kostar



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is

**S**lóðaskapur getur reynst dýr, eins og sýnir sig nú þegar íslensk stjórnvöld kunna að horfast í augu við milljarða útgjöld fyrir að hafa ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna Kýótó-samningsins. Samningurinn fól í sér átak gegn gróðurhúsaáhrifum og hnattrænni hlýnun. Sérákvæði gerði Íslandi síðan mögulegt að auka losun frá stóriðu. Verulega þægileg undanþága. En ekki var hægt að uppfylla samninginn.

Alls óháð því hvort borga þarf milljarða eða ekki þá er fjarska undarlegt að gangast undir samning og standa síðan ekki við skuldbindingar sem honum fylgja. Þeir sem slíkt gera þykja venjulega ekki finna pappír og fá á sig slæmt orð. Það er sérlega vont þegar slíkt opinberast í baráttunni gegn loftslagsvánni, sem er langstærsta hættan sem að mannkyni stöðvar. Þar er engan veginn í boði að sitja hjá aðgerðalaus. Ansi margir gera það þó og mega vel kallast afneitunarsinnar. Þeir sem þeim hópi tilheyrja andvarpa þreytulega í hvert sinn sem loftslagsmálin ber á góma. „Það er heitt og kalt til skiptis, jöklar hafa alltaf verið að bráða öðru hvoru. Þekkið þið virkilega ekki mannkynssöguna?“ umla þeir geðvonskulega og fara síðan á YouTube og horfa á myndbönd sem aðrir afneitunarsinnar hafa sett saman og eiga að sýna fjölmörg dæmi um að færustu vísindamenn hafi oftast ekki rangt fyrir sér þegar þeir spá fyrir um hamfarir.

Það er áfelligdómur yfir íslenskum ríkisstjórnunum að hafa ekki staðið við skuldbindingar vegna Kýótó-samningsins. En kannski ætti það ekki að koma svo ýkja mikið á óvart. Baráttan gegn loftslagsvánni er í skötulíki. Stjórnmalamenn kinka kolli og skrifa undir alþjóðlega samninga um aðgerðir en þegar kemur að því að fara eftir þeim þá sjá þeir fljótlega að það hentar ekki. Aðgerðirnar munu verða óþægilegar fyrir of marga, ýmsu þarf að forna og kostnaðurinn verður skelfilega há. Það kostar sem sagt of mikið vesen að standa við samninginn. Þess vegna er hentugast að gleyma honum sem fyrst.

„Svona fer þegar loftslagsmál eru ekki tekin alvarlega,“ sagði Guðmundur Ingi Guðbrands-son, umhverfis- og auðlindaráðherra, þegar hann var spurður um málið. Hann leggur áherslu á að núverandi ríkisstjórn sé með trúverðugt plan fyrir Parísarsamninginn 2030. „Við búumst ekki við öðru en að við munum standa okkar plikt þar,“ segir hann.

„Að búast við“ er ekki beinlínis uppörvandi orðalag á tímum þegar öllu skiptir að stjórnvöld um allan heim horfast í augu við loftslagsvána og setji aðgerðir gegn henni í forgang. Árið 2030 mega stjórnvöld ekki muldra skömmustulega að því miður hafi okkur Íslendingum ekki tekist að standa okkar plikt.

Það kostar að bjarga heiminum frá hörmungum. Það kostar líka að aðhafast ekki neitt og sá kostnaður fæst aldrei bættur.



Þá er fjarska undarlegt að gangast undir samning og standa síðan ekki við skuldbindingar sem honum fylgja.

## Halldór



## Frá degi til dags

### Skammstafanir

Í gamla daga voru börn hrædd með sögum af Grýlu sem át börn í morgunmat. Nú er fædd ný Grýla með nafni sem líkist herra í framburði: OECD. Stofnunin sú er skráttin skrúfa og hefur enn skráttara nafn. Ráðherra sem hefur jafnvel enn skráttari titil fékk skammstöfunina til að gera einhvers konar úttekt á samkeppnis-hindrunum í byggingariðnaði og ferðaþjónustu og greiddi formúu fyrir. Niðurstaðan er sú að leggja þarf af lögverndun starfs bakameistara og ljósmyndara. Ha? Eru ekki allir með? Þegar maður vinnur hjá batterii sem heitir eins og hnerri er viðbúið að ýmislegt fari úrskeiðis.

### Fjölbreytt starfsemi

Milli frá Malasiu er búinn að finna 40 milljarða króna til að reisa Four Seasons í miðbæ Reykjavíkur. Ef öll leyfi fást verður hægt að opna starfsemiina eftir tæp þrjú ár. Stjórnarformaður Faxaflóahafna er ekki sáttur og segir galið að byggja hótél á þessum stað. Svæðið sé ætlað fjölbreyttri starfsemi. Það sjónarmið byggir á miklum misskilningi, þetta er ekki Four Seasons hótél heldur útibú garðyrkjufyrirtækisins Four Seasons Total Landscaping, mun einnig verða reist klámbókabúð og mögulega mathöll til að fá velþóknun meirihlutans.

## Loksins, loksins!



Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningar-málaráðherra

Það er táknað að ákvörðun um mikilvæg skref við uppbyggingu nýs þjóðarleikvangs skuli liggja fyrir á sama tíma og þjóðin heldur í sér andanum vegna stórleiksins í Ungverjalandi í kvöld. Hvort tveggja markar tímamót – vatnaskil sem íþróttafolk og -unnendur hafa beðið eftir.

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að hefja formlegar viðræður við Reykjavíkurborg um næstu skref í undirbúningsferlinu. Meðal annars þarf að semja um fyrirkomulag útboðs á helstu verkþáttum, verkefnisstjórn, hönnun, eignarhald og fjármögnun. Ég er bjartsýn á góða lendingu og að leikvangur 21. aldarinnar risi innan fárra ára.

Lengi hefur verið ljóst að reisa þyrfti keppnisaðstöðu sem stæðist alþjóðlegar kröfur. Undanfarin 63 ár hefur Laugardalsvöllur fært þjóðinni ógleymanleg augnablik og þar hafa landsliðin okkar náð undraverðum árangri. Um árabíl hefur völlurinn hins vegar þurft undanþágur og sérstakan viðbúnað vegna keppnisleikja í alþjóðlegum mótum, með ærnum tilkostnaði. Völlurinn uppfyllir til dæmis ekki viðmið um aðgengi fatlaðs fólks, aðstöðu og öryggi vallargesta, leikmanna, dómara og fjölmiðla. Hann er barn síns tíma og það er tímabært að blása til sóknar.

Það er fagnaðarefni að málið sé loksins komið á hreyfingu og nú skuli hilla undir nýjan leikvang. Starfshópur hefur skilað greiningu á ólíkum sviðsmyndum, kostum, göllum, ávinningi og áhættu af ólíkum leiðum. Niðurstaðan er sú að 15.000 manna leikvangur án þaks sé hagkvæmasti kosturinn, ef eingöngu sé horft til beinna fjárhagslegra þátta. Hins vegar myndi slíkur leikvangur með opnanlegu þaki skila bestu heildarniðurstöðunni með tilliti til nýtingar og fleiri þátta. Nú þurfa stjórnvöld og Reykjavíkurborg að tækla verkefnið með ákveðni og afstór hug, spila sóknarleik og klára færið.

Tími innviðafjarfestinga er runninn upp og því eru spennandi tímar fram undan. Við blásun til stórsóknar! Nýr þjóðarleikvangur mun ekki einungis þjóna landsliðum okkar heldur einnig íslenskum félagsliðum og samfélaginu öllu. Við sjáum fyrir okkur nýjan og glæsilegan vettvang fyrir fótboltaleiki, sýningar, viðburði og tónleikahald. Áfram Ísland!



Það er fagnaðarefni að málið sé loksins komið á hreyfingu og nú skuli hilla undir nýjan leikvang.



## Frá Bændasamtökum Íslands:

Fagræð í hrossarækt starfar samkvæmt 15 gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagræð fer, meðal annarra verkefna, með stjórn Stofnverndarsjóðs sem starfræktur er samkvæmt ákvæðum í sömu lögum og reglugerð nr. 1123/2015 um sama efni.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til þróunar- og rannsóknaverkefna í hrossarækt. Verkefni skulu stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika stofnsins og/eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans. Fagræð í hrossarækt auglýsir eftir umsóknum ár hvert og tekur ákvörðun um styrkveitingar. Fagræð tekur ákvörðun um styrkveitingar í desember 2020. Nánari upplýsingar fást hjá Bændasamtökunum.

Frestur til að skila inn umsóknum er til **1. desember 2020** og skal umsóknum skilað til: **Fagræð í hrossarækt, Bændahöllinni v/Hagatorg, 107 Reykjavík.**

Fagræð í hrossarækt.



## AF KÖGUNARHÓLI

## Nærsýni má laga



Þorsteinn Pálsson

Fyrir tveimur vikum greindi Fréttablaðið frá því að Seðlabankinn hafi þrýst á ríkisstjórnina að ráðast í stóra skuldabréfaútgáfu erlendis í þeim tilgangi að styrkja gengi krónunnar.

Þetta bendir til þess að Seðlabankinn sé ekki eins viss nú eins og í vor um að geta fjármagnað halla ríkissjóðs.

Vissulega myndi ráðstöfun af þessu tagi styrkja gengið til skamms tíma. Sá styrkur ætti hins vegar ekki rætur í verðmætasköpun og myndi að sjálfsögðu hafa öfug áhrif á gengið þegar kæmi að skuldadögum.

Ef að líkum lætur yrði þetta ávísun á ýktari og dýpri sveiflu síðar. Hugmyndir af þessu tagi lýsa því hefðbundnum nærsýnisviðbrögðum.

Í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar finnast fá plön um hvernig fjármagna á níu hundruð milljarða króna halla ríkissjóðs. Þar fer lítið fyrir langtíma stefnu-mótun.

**Fyrir hverja er hún?**

Meginhluti gjaldeyrstekna landsins verður til við hagnýtingu fiskimiða, orku og náttúru. Öll veigamestu fyrirtækin í þessum þremur auðlindagreinum nota evrur eða dollara. Nýting íslenskra auðlinda stendur því fyrir utan krónuhagkerfi Seðlabankans.

Lífeyrissjóðir miða skuldbindingar sínar við verðtryggðar krónur af því að þær geyma verðmæti. Óverðtryggða krónan getur ekki gegnt því hlutverki. Slikir gjaldmiðlar eru fánýtir.

Stærð lífeyrissjóðanna jafnast á við tvöfalda landsframleiðslu. Sýn stjórnvalda miðast þó enn við að troða þeim inn í hagkerfi, sem þeir eru löngu vaxnir upp úr. Nauðsynleg áhættudreifing er ógerleg í krónuhagkerfinu.

Seðlabankinn stýrir peningamálunum með vöxtum á óverðtryggðar krónur, sem aðeins eru notaðar til að skapa lítinn hluta gjaldeyrsteknanna og duga ekki sem viðmið fyrir langtímaskuldbindingar velferðarkerfisins. Fyrir hverja er hún?

**Helsta hindrun nýsköpunar**

Ísland er eina landið í Evrópu, sem þurft hefur að þola gjaldmiðils-hrun vegna kórónuveirukreppunnar.

Þrátt fyrir vaxtalækkun Seðlabankans eru fyrirtækin að greiða mun hærri vexti en í samkeppnislöndunum. Að sama skapi er erfiðara fyrir íslenskt atvinnulíf að hlaupa hraðar, eins og fjármálaráðherra talar af ráðvísi um að nauðsynlegt sé.

Allir stjórnmalaflokkar eru á einu máli um að á næsta áratug verður þunginn í nýrri verðmætasköpun að koma frá þekkingariðnaði. Styrkir hafa réttilega verið stóruknir í því skyni. En á endanum eru það almennu forsendurnar sem ráða úrslitum.

Flestallir, sem á þessu sviði starfa, segja að óstöðugur gjaldmiðill sé stærsta hindrunin í því langhlaupi, sem fram undan er. Sjálfbær hagvöxtur veltur á því að þessi hindrun hverfi. Samt á hún að standa.

**Velferðarkerfið er áhættusjóður krónunnar**

Lágt skuldahlutfall ríkissjóðs dugur ekki eitt og sér til þess að gífurleg lántaka hans verði sjálfbær næsta áratug. Vaxtabyrðin skiptir meira máli.

Á næsta áratug þurfa hagvaxtar-tölur að vera umtalsvert hærri en vextir á lánum ríkissjóðs. Það er eina leiðin til að vaxa út úr skuldavandanum. Annars þurfum við

að vinna á hallanum annað hvort með því að hækka skatta eða skerða velferðarkerfið.

Óvissa um þetta er veruleg og meiri hér en í öðrum Evrópuríkjum. Meðan stefnan er ekki skýr að þessu leyti verður velferðarkerfið að eins konar áhættusjóði fyrir krónuna.

Ef draga á úr þessari áhættu er upptaka evru eða tenging við hana óhjákvæmileg.

**Langtímastefna**

Að fjármálaeftirlitinu meðtöldu starfa 298 manns í Seðlabankanum. Ef bankinn ætti að vera jafn stór að tiltölu og allir 13 Seðlabankar Bandaríkjanna til samans ættu starfsmenn að vera 23. Þrátt fyrir þessa hlutfallslegu yfirburði Íslands er ekki unnt að stýra óverðtryggðu krónunni þannig að hún sé samkeppnishæf. Er ekki einfaldlega kominn tími til að horfast í augu

við veruleikann og móta langtímastefnu í gjaldmiðilsmálum? Atvinnulífið verður á næsta áratug að hlaupa hraðar en nokkru sinni fyrr. Sú verðmætasköpun er aftur forsenda varðstöðu um velferðarkerfið. Hefur þörfin á stöðugum gjaldmiðli áður verið brýnni?

Flestir landsmenn vita að nærsýni má leiðrétta með gleraugum. Það er líka hægt að laga pólitíska nærsýni.

## Falleg gjöf?



Þú færð mikið úrval af fallegum gjöfum í Vogue og á [Vogue.is](http://Vogue.is)

Vogue  
FYRIR HEIMILIÐ



Aron hefur sjálfur talað um að hann ætli sér að ná leikjamegi Rúna.

## Skilja Hermann eftir í sjötta sæti

**FÓTBOLTI** Í dag verða Aron Einar Gunnarsson og Birkir Bjarnason fjórði og fimmti leikmaðurinn sem leika níutíu leiki eða fleiri fyrir karlalandsliðið í knattspyrnu. Það verða því fjórir leikmenn í núverandi leikmannahóp sem hafa náð þeim áfanga.

Aron og Birkir tóku fram úr Eiði Smára Guðjohnsen (88) fyrr á þessu ári og sitja fyrir leikinn í 4-6. sæti ásamt Eyjamanninum Hermann Hreiðarssyni, sem lék 89 leiki á fimmtán ára landsliðsferli.

Birkir Már Sævarsson (93) og Ragnar Sigurðsson (96) eru enn með forskot á Aron og Birki en allir eru þeir að eltast við Rúnar Kristinsson, sem lék á sínum tíma 104 leiki fyrir Íslands hönd. Leikjamegi Rúna hjá karlalandsliðinu hefur staðið í sextán ár. – kpt

## Bíða eftir sigri á nýja vellinum

**FÓTBOLTI** Leikurinn í kvöld fer fram fyrir luktum dyrum og verður hinn stórglæsilegi 67 þúsund manna Puskás Arena leikvöllur sem tekinn var í notkun fyrir áramót, án áhorfenda í kvöld. Ákveðið var fyrr í vikunni að banna áhorfendur á öllum kapp-leikjum í Ungverjalandi, en áður var búið að selja um tuttugu þúsund miða.

Völlurinn er nefndur í höfuðið á einum besta knattspyrnumanni Ungverja frá upphafi, Ferenc Puskás, sem er talinn einn af bestu framherjum allra tíma. Ferenc skoraði 514 mörk í 530 leikjum með félagliðum og 84 mörk í 85 leikjum með ungverska landsliðinu sem lék til úrslita á HM með Puskás í broddi fylkingar.

Ungverjar bíða enn eftir því að fagna fyrsta sigrinum á nýjum heimavelli. Þetta verður þriðji leikur Ungverja á vellinum. Úrúgvæ vann 2-1 sigur á Ungverjum í opunarleik vallarins og Rússar unnu 3-2 sigur í eina keppniseiknum sem hefur farið fram á vellinum. – kpt

## Nýtt andlit á hliðarlínunni

**FÓTBOLTI** Marco Rossi, þjálfari ungverska landsliðsins, greindist með kórónaveiruna í gær og verður því ekki á hliðarlínunni þegar liðin mætast í kvöld. Cosimo Ingrassia, aðstoðarmaður hans, verður á hliðarlínunni í stað Rossi.

Á þessum tveimur árum sem Rossi hefur stýrt liðinu hefur Ungverjaland unnið tíu leiki, gert tvö jafntefli og tapað níu leikjum. Cosimo hefur áður stýrt liði Ungverja í 2-0 sigri á Eistlandi í Þjóðadeildinni á síðasta ári.

Á blaðamannafundinum fyrir leik sagðist Erik Hamrén, þjálfari íslenska liðsins, finna til með kolllega sínum að missa af leiknum.

– kpt



Líklegt er að Ísland þurfi á töfrum Gylfa Þórs Sigurðssonar að halda í Búdapest. Gylfi skoraði tvívegis gegn Rúmeníu á Laugardalsvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Reynsla leikmannahópsins skiptir öllu máli í þessum leik

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu freistar þess í kvöld að fara á þriðja stórmótið í sögunni. Leikur Íslands við Ungverjaland ytra sker úr um það hvort liðið kemst á Evrópumótið. Arnar Bergmann Gunnlaugsson, fyrrverandi landsliðsmaður, segir leikmenn íslenska liðsins fylla sig sjálfstrausti fyrir kvöldið.

**FÓTBOLTI** Það ræðst um tíuleytið í kvöld hvort íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu fer á þriðja stórmótið í röð, en Ísland sækir þá Ungverjaland heim á Puskás-leikvanginn í Búdapest. Leikið verður fyrir luktum dyrum vegna kórónaveirufaraldursins og aðalþjálfari og aðstoðarþjálfari ungverska liðsins þurfa að horfa á leikinn úr fjarska þar sem þeir eru í einangrun, smitadír af veirunni.

Hjá íslenska liðinu er Arnór Ingvi Traustason í sóttkví eftir að liðsfélagi hans hjá Malmö greindist með veiruna en annars eru allir lykilleikmenn liðsins klárir í slaginn. Arnar Bergmann Gunnlaugsson, þjálfari karlalíðs Víkings og fyrrverandi landsliðsmaður, segist hafa góða tilfinningu fyrir þessum afar mikilvæga leik.

„Það er einhvern veginn þannig að maður fær alltaf góða tilfinningu af því að fylgjast með undirbúningi íslenska liðsins fyrir mikilvæga leiki eins og þessi leikur er svo sannarlega. Það lekur þögult sjálfstraust af leikmönnum og þeir sannfæra þig um að þeir verði í sínu besta formi, andlega og líkamlega, þegar út í leikinn er komið. Það er svo mikil reynsla í þessu liði og þeir hafa verið saman í þessari stöðu áður. Sú staðreynd er mikilvæg í landsliðsfótbolta,“ segir Arnar í samtali við Fréttablaðið um tilfinningu sína fyrir leiknum.

„Vissulega hefði verið betra ef leikmenn eins og Hannes Þór [Halldórsson], Kári [Árnason], Birkir [Bjarnason] og Kolbeinn [Sigþórsson] væru í betra leikformi. Þeir hafa hins vegar komið inn í landsleiki áður við svona aðstæður og



Á blaðamannafundinum fyrir leikinn sagði landsliðsfyrirlíðinn að það væri enn nóg hungur í leikmannahópnum fyrir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

þekkja þessa stöðu mjög vel þannig að ég hef engar áhyggjur af þeim.

Arnar á von á því að það verði kunnuglegt byrjunarlið í kvöld en eina vafaatriðið er vinstri vængstaðan.

Mér finnst líklegt að liðsuppstillingin verði sú sama og á móti Rúmeníu fyrir utan Arnór Ingva auðvitað. Ég sé fyrir mér að Albert [Guðmundsson] eða Rúnar Már [Sigurjónsson] fylli skarð Arnórs Ingva á vinstri vængnum. Þeir hafa ólíka eiginleika en Albert hefur verið í frábæru formi með AZ Alkmaar undanfarnar vikur og mér finnst Rúnar Már hafa staðið sig vel í þeim landsleikjum sem hann hefur spilað. Þeir eru báðir taktískt sterkir sem skiptir máli í svona leik. Þannig heldur þú miðjukombóinu Aroni Einari [Gunnarssyni], Birki

og Gylfa Þór [Sigurðssyni] sem gjörþekkja hver annan og Gylfi Þór gefur okkur mest að mínu mati sem sóknartengiliður með Alfred [Finnbogasyni] uppi á toppi. Guðlaugur Victor [Pálsson] stóð sig svo frábærlega í Rúmenaleiknum og þó að Birkir Már [Sævarsson] hafi líka staðið sig vel í leikjunum þar á eftir, þá held ég að Gulli muni byrja,“ segir hann um líklegt byrjunarlið íslenska liðsins í leiknum.

„Ungverska liðið er bæði sterkara og betur skipulagt en Rúmenía og því verður þetta öðruvísi leikur en Rúmenaleikurinn held ég. Ungverjar eru betri í því að spila sig úr pressu og eru með sterkari karaktera innanborðs. Þegar horft er á leiki hjá Ungverjalandi virðist liðsheldin vera góð og engin ein súperstjarna í liðinu. Þeir hafa verið að ná

●● Það kæmi mér ekki á óvart ef uppleggið hjá íslenska liðinu væri svipað og á móti Argentínu á HM 2018.

Arnar Bergmann Gunnlaugsson



í góð úrslit í síðustu leikjum sínum og spila vel. Dominik Szoboszlai er mest spennandi leikmaðurinn í liðinu. Það kæmi mér ekki á óvart ef að uppleggið hjá íslenska liðinu verði svipað og á móti Argentínu á HM 2018. Við munum freista þess að sjokkera þá með pressu fyrsta korterið og svo muni komast jafnvægi á leikinn. Pressan hjá íslenska liðinu verður hins vegar skipulögð á þann hátt að leikmenn verða með bæði belti og axlabönd þannig að ekki verði anað út í óþarfa pressu þegar ójafnvægi er á liðinu.

Þetta verður leikur þar sem bæði lið munu ekki taka miklar áhættur og vera klókir í því að spara orku þar sem leikurinn gæti hæglega farið í framlengingu. Bæði lið eru sterk í föstum leikatriðum og leikurinn gæti ráðist á einu slíku. Þetta snýst um að gera sem fæst mistök og nýta sér það ef að færi gefast þar sem það verður líklega ekki mikið um opin marktækifæri,“ segir Arnar um mögulega sviðsmynd leiksins. [hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)



FIMMTUDAGUR 12. NÓVEMBER 2020

Tíska



Þegar Kamala Harris, tilvonandi varaforseti Bandaríkjanna, steig á svið í Delaware um síðustu helgi og hélt sigurræðuna var hún klædd hvítri buxnadrágt og ljósri silkiblússu með slaufu. Fatavalið var úthugað og táknrænt fyrir réttindabaráttu kvenna. →4



Björn Þór Heiðdal til hægri og Margrét Guðlaugsdóttir saumakona til vinstri, standa hér vaktina í versluninni að Nýbýlavegi 28. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ENZYMEDICA®

Pizza í  
matinn?



# Vönduð rúmföt eru fullkomin jólagjöf

Verslunin Rúmföt.is fagnaði nýlega tveggja ára afmæli en undanfarið hafa miklar breytingar staðið yfir á búðinni. Rúmfötin koma víða að úr heiminum, en eiga það sameiginlegt að vera úr allra vönduðustu efnum sem til eru. →2



Verslunin hefur stækkað og plássíð í búðinni er orðið næstum því þrisvar sinnum meira en það var áður.

#### Framhald af forsiðu →

Rúmfatabúðin Rúmföt.is sérhæfir sig í vönduðum rúmfötum. Verslunin selur fyrsta flokks rúmföt sem öll eru úr hágæða efnum.

#### Arftaki Fatabúðarinnar

„Á þessum tveimur árum höfum við fengið frábærar móttökur. Alveg ótrúlega góðar, verð ég að segja. Fólk sem kann að meta gæði og verslaði áður fyrr í Fatabúðinni og Verinu þakkar mér reglulega fyrir að hafa opnað svona vandaða rúmfatabúð,“ segir Björn Þór Heiðdal, eigandi verslunarinnar. Björn segist ekki vera í verslunarrekstri til að græða peninga, heldur er drifkraftur hans að selja frábær rúmföt á sanngjörnu verði.

„Auðvitað þarf búðin að leggja smá á vörurnar til að ganga vel, en vörurnar verða að standa fyrir sínu. Ég gæti aldrei selt bara eitthvað til að græða. Það selja margar búðir rúmföt og ef mikið liggur við geturðu jafnvel keypt rúmföt um miðja nótt í völdum stórmörkuðum ásamt snakkpoka og ítalskri rúllupylsu. Sjálfur myndi ég frekar sofa undir snakkpoka en rúmfötunum sem þar fást.“

#### Góð þjónusta

„Það sem veitir mér ánægju er að gleðja fólk og partur af því er að veita góða þjónustu. Ég man eftir einni konu sem hafði keypt rúmföt hjá okkur. Þegar hún var búin að þvo rúmfötin og máta þau við rúmið fannst henni liturinn ekki passa.

Ég tók þau til baka og hún fann önnur sem henni leist betur á. Ég er ekki viss um að ég gæti labbað inn í dýrustu búðir bæjarins og beðið um að fá að skipta notuðum rúmfötum fyrir mig.“

#### Fólk er duglegt að versla

Björn segir töluverðar framkvæmdir hafa verið í versluninni í haust sem eru ekki enn þá alveg búnar en það stýttist í það. Verslunin hefur stækkað og plássíð



Hágæða barnarúmföt í miklu úrvali. Nú sofa allir undurvært.



Vönduð sérofin damask-rúmföt úr egypskri bómmull frá Ítalíu.

í búðinni er orðið næstum því þrisvar sinnum meira en það var áður.

„Þrátt fyrir COVID er alltaf nóg að gera hjá okkur. Það er sem betur fer ekki allt á niðurleið og fólk er duglegt að versla,“ segir Björn. Hann segir tilvalið að kíkja við í versluninni og næla sér í gæðarúmföt í jólapakann, eða á jólasængina í ár og tryggja þannig góðan og óslitinn nætursvefn á næsta ári.

#### Handsaumaður rúmfatnaður

„Við bjóðum upp á rúmföt frá allra bestu og vönduðustu vefurum Ítalíu. Meðal annars erum við með rúmföt frá ítalska merkinu Quagliotti sem vefur dúka og sængurföt fyrir bresku drottninguna. Fyrir rúmunum tólf árum ákvað Hotel Ritz í París að bjóða gestum sínum upp á rúmföt frá Quagliotti, eftir itarlega leit að bestu rúmfötum í heimi.

Öll fremstu hótél, eins og The



Hilður Þórðardóttir hjálpaði við að hanna búðina. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



Hér má sjá fallett gæða sængurver frá Kína, en Rúmföt.is er með gott úrval af fyrsta flokks barnarúmfötum.

Mark í New York, MGM í Macau, The Peninsula í Hong Kong, Armani í Milanó og 101 Reykjavík, bjóða gestum sínum upp á Quagliotti-rúmföt,“ segir Björn.

Rúmföt.is býður einnig upp á handsaumaðan rúmfatnað úr gæðafnum sem þekkt eru fyrir að veita mikil þægindi í svefni. Björn segir sérstöðu verslunarinnar ekki einungis liggja í þeim gæðafnum sem rúmfötin eru saumuð úr.

„Þau eru líka mörg hver saumuð á staðnum af henni Möggu saumakonu, eða Margréti Guðlaugsdóttur eins og hún heitir fullu nafni,“ segir hann.

„Ég saumaði meðal annars fyrir

Fatabúðina á sínum tíma en einnig fyrir búðirnar Höfnina, Erlu við Snorrabraut og Kristínu, en þær eru allar löngu farnar. Síðust til að fara var Fatabúðin og var mikil eftirsjá að henni,“ segir Magga, sem er öllum hnútum kunnug þegar kemur að vönduðum saumskap.

„Sjálfur er ég að þessu vegna þess að ég einfaldlega elska góð rúmföt!“ segir Björn.

Verslunin á Nýbýlavegi 28 er opin frá 12-17 virka daga og 11-15 um helgar. Nánari upplýsingar má finna á rumfot.is. Sími: 565-1025.

Mælum með jólaverslun snemma



Óðinsgötu 1, eru spennandi hönnuðarfatnaður,  
skór og handtöskur og lífrænt vottaðar húðsnyrtivörur frá **ANTIPODES**.



Handgerðir leðurskór frá **Trippen**  
kr. 54.000-



**Mandarina Duck**  
leðurskjala og tölvutaska  
verð kr. 63.000-  
**-40% afsláttur nú kr. 37.800-**



**Antipodes** hand&body krem  
kr. 5.500-



Prjónaður ullarjakki frá **Studiob3**  
kr. 47.000-




**Nirvana** fljótandi sápa  
sem nærir hendurnar  
kr. 3.500-

**NJÓTIÐ AÐ VERSLA HEIMA VEFSÍÐAN OKKAR ER FÆDD**  
**www.boel.is**

við bjóðum **15% afslátt** af flestum vörum á vefsíðu  
12. til 15. nóv kvóðinn er **JOLIN20**



**Mandarina Duck**  
unisex crossover taska  
kr. 15.000-



Handgerð **Trippen** boots  
með alvöru vetrarsóla  
kr. 59.000-

**ÓÐINSGÖTU 1, 101 REYKJAVÍK**  
Sími 8341809 BOEL boeliland  
Opíð miðvikud - föstud 12-18 laugard 12-16  
**www.boel.is**

# Kamala og hvíta dragtin

Þegar Kamala Harris, tilvonandi varaforseti Bandaríkjanna, steig á svið í Delaware og hélt sigurræðuna var hún klædd hvítu buxnadragt. Fataval hennar var úthugsað og táknrænt fyrir réttindabaráttu kvenna.

Sigríður Inga Sigurðardóttir  
sigriduringa@frettabladid.is



**K**amala Harris vakti mikla athygli fyrir áhrifaríka ræðu en þar sagðist hún verða fyrsta konan til að gegna embætti varaforseta en ekki sú síðasta. Klæðnaður Kamölu vakti mikla athygli en táknrænn á margan hátt. Hún var í hvítu, látlausri og fállegri buxnadragt, sem Wes Gordon hjá hátískuhúsinu Carolina Herrera hannaði. Í þessu tilviki hafði hvítu liturinn ekkert með tísku að gera, heldur er hann táknrænn fyrir valdeflingu kvenna fyrr og nú. Hann er einnig einkennandi fyrir samtök breskra kvenna sem börðust fyrir kosningarétti kvenna snemma á tuttugustu öldinni og margir kannast við úr sögubókunum sem súffragettur. Þær klæddust einmitt hvítum fatnaði meðal annars til að sýna að þær legðu áherslu á hátt siðgæði og að þær vildu berjast fyrir kvenréttindum á fríðsaman hátt. Með tímanum varð hvítu liturinn að tákni baráttunnar.

Þá er þekkt að konur innan Demókrataflokkans í Bandaríkjunum nota hvítan klæðnað til að sýna samstöðu og einnig í mótmælaskyni. Í febrúar í fyrra mætti til dæmis hópur þingkvenna

Demókrata hvítklæddur í þinghúsið til að hlýða á stefnuræðu Donalds Trump, núverandi forseta Bandaríkjanna. Með þessum klæðnaði minntust þær þess einnig að þá voru 100 ár liðin frá því að konur fengu kosningarétt í landinu.

## Slaufan svar við hálsbindi

Kamala var í ljósri blússu með slaufu við hvítu buxnadragtina. Slíkar blússur kallast „pussy bow blouse“ á ensku og eru í miklu uppáhaldi hjá til dæmis Ölmú Möller landlækni. Slaufurnar eiga sér langa sögu í réttindabaráttu kvenna. Þær eru nokkurs konar svar við hálsbindi karla, sem auk jakkafata eru merki um valdaklæðnað. Það er vel þekkt að Margaret Thatcher, sem varð fyrst kvenna forsætisráðherra Bretlands, klæddist gjarnan blússum með slaufu við pilsdragtir.

Við hvítu dragtina var Kamala í ljósbrúnum skóm með háum hæl. Á meðan á kosningabaráttunni stóð var Kamala ýmist í hælaskóm eða þægilegum strigaskóm. Hún hefur ekki farið leynt með ánægju sína með hina klassisku, amerísku strigaskó frá Converse og á þór af þeim í nokkrum litum og útgáfum.

## Konur í hvítu

Kamala Harris var ekki fyrst kvenna til að klæðast hvítu frá toppi til táar við merkileg tilefni.



Kamala Harris vakti ekki aðeins athygli fyrir eftirminnlega sigurræðu heldur einnig fyrir táknrænan klæðaburð. Hún var í hvítu buxnadragt sem Wes Gordon hjá Carolina Herrera hannaði og skyrtu með slaufu. FRETATABLAÐIÐ/GETTY

Shirley Chisholm klæddist hvítu þegar hún varð fyrsta svartu konan til að setjast á þing árið 1969 í Bandaríkjunum. Geraldine Ferraro var í hvítu dragt þegar hún var útnefnd sem forsetaefni á sínum tíma, fyrst bandarískra kvenna og Hillary Clinton var í hvítu buxnadragt þegar hún var útnefnd forsetaefni Demókrata árið 2016.

Eliza Reid, forsetafrú Íslands, var í hvítu buxnadragt þegar hún tók á móti Mike Pence, núverandi varaforseta Bandaríkjanna, og Karen Pence, konu hans, í Höfða í fyrrihaust, þegar þau komu í heimsókn til Íslands. Við það

» Kamala Harris var ekki fyrst kvenna til að klæðast hvítu frá toppi til táar við merkileg tilefni. Shirley Chisholm klæddist hvítu þegar hún varð fyrsta svartu konan til að setjast á þing árið 1969 í Bandaríkjunum.

tækifæri vöknudu upp spurningar hvort Eliza væri að senda skilaboð með klæðnaðinum. Hanna Birna Kristjándóttir, fyrrverandi ráðherra og stjórnarformaður WPL, valdi að klæðast hvítu buxnadragt á Heimsþingi kvenleiðtoga, Reykjavík Global Forum – Woman Leaders, sem haldið var í vikunni. Tilgangur þingsins var að gefa þátttakendum tækifæri til þess að ræða og skiptast á hugmyndum um hvernig kvenleiðtogar geti beitt sér fyrir betra samfélagi, auknu jafnrétti milli kynja og valdeflingu kvenna í sem víðustu samhengi.

## JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Stóra jólablaðið frá Fréttablaðinu kemur út þriðjudaginn 24. nóvember.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins:

Símanúmer  
550 5077

Netfang  
serblod@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

## Tískupættir í stað sýningar

**G**ucci notar nýstárlega aðferð til að kynna sig. Í staðinn fyrir tískusýningu gerði fyrirtækið sjö þátta seríu með leikstjóranum Gus Van Sant, sem verður sýnd á netinu. Nýjasti fatnaðurinn frá flörenska lúxusvörumerkinu Gucci verður kynntur með sjö þátta seríu sem heitir „Overture of Something That Never Ended“. Þáttaröðinni var leikstýrt af Alessandro Michele, hönnunarstjóra Gucci, og kvikmyndaleikstjóranum Gus Van Sant, sem er líklega frægastur fyrir að hafa leikstýrt kvikmyndinni Good Will Hunting.

Dauðabókin er ekki slæmur krimmi og á eflaust eftir að gleðja addáendur Harðar Grímssonar en það vinnur kannski gegn Stefáni Máni í þetta sinn að hann hefur oft gert svo miklu betur.

Brynhildur Björnsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Ekki slæmur krimmi en ekki meðal bestu bóka höfundar.

## Finnst gaman að kafa djúpt í persónur

Næturskuggar er þriðja spennusaga Evu Bjargar Ægisdóttur. Bækur hennar hafa vakið athygli erlendis. Skrifaði fyrstu glæpasögu sína fjórtán ára gömul.

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



Þriðja spennusaga Evu Bjargar Ægisdóttur, Næturskuggar, er nýkomin út. Eins og í fyrri bókunum tveimur rannsakar lögreglu-teymi á Akranesi sakamál.

„Bókin hefst á því að tvítugur strákur lætur lífið í eldsvoða sem reynist grunsamlegur og rannsókn fer í gang. Málið virðist tengjast föður stráksins sem græddi á hruninu og vinahópur hins látna blandast líka í málið. Á sama tíma glíma hjón við erfiðleika í hjónabandinu og dætur þeirra verða varar við undarlega veru í garðinum að næturlagi,“ segir Eva Björg.

Eva Björg ólst upp á Akranesi og bjó þar til 25 ára aldurs. Hún segir Akranes vera heppilegt söguvið fyrir glæpasögur. „Það er dýnamík í litlum smábæjum þar sem allir þekkja alla og maður getur ímyndað sér að það sé erfitt að rannsaka sakamál þegar mikil tengsl eru í gangi milli fólks.“

Ég er ekki bara að fjalla um glæpi í bókum mínum. Mér finnst gaman að kafa djúpt í persónur og þeirra tengsl og líf. Ég er með gráðu í félagsfræði og afbrotufræði og hef áhuga á alls kyns félagslegum tengslum og því hversu margt getur komið upp í litlum smábæjum.“

Eva Björg byrjaði snemma að skrifa. „Ég skrifaði fyrstu heilu söguna mína þegar ég var fjórtán ára. Það var smásaga um unga stúlku sem drepur vinkonu sína, hendir henni fram af hamri á Arnarstapa. Því má segja að ég hafi alltaf heillast af glæpasögum.“

Fyrsta bók hennar, Marrið í stiganum, hlaut Svartfuglsverðlaunin og hefur fengið mjög góða dóma erlendis. Hún var valin ein af fimm bestu glæpasögum í október



Ég sé fyrir mér að koma með eina glæpasögu á ári, segir Eva Björg. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÞAD ER DÝNAMÍK Í LITLUM SMÁBÆJUM ÞAR SEM ALLIR ÞEKKJA ALLA OG MAÐUR GETUR ÍMYNDAÐ SÉR AÐ ÞAD SÉ ERFITT AÐ RANNSAKA SAKAMÁL ÞEGAR MIKIL TENGL ERU Í GANGI MILLI FÓLKS.**

af Times og í umsögn sagði: „Þessi framúrskarandi fyrsta skáldsaga Evu Bjargar er ekki aðeins safarík ráðgáta heldur líka hrollvekjandi lýsing á því hvernig skrímsli verða til.“

Önnur bók hennar, Stelpur sem ljúga, mun fljótlega koma út í Bretlandi og víðar. Eva Björg segir velgengnina hafa komið á óvart. „Allt gerðist svo hratt. Ég fékk Svartfuglsverðlaunin og þeim fylgdi erlendir umboðsmaður og samningur var

gerður við átta lönd. Nú hefur hægst á öllu vegna COVID en það er samt ótrúlega margt hægt að gera í gegnum vefmiðla.“

Spurð hvort hún stefni að því að verða glæpasagnahöfundur sem sendir frá sér eina sögu á ári segir hún svo vera. „Draumurinn er að geta verið rithöfundur í fullu starfi og ég hef getað það þetta árið. Ég sé fyrir mér að koma með eina glæpasögu á ári og svo hefði ég gaman af að skrifa barna- og unglingabók.“

## Innra líf við ytri kjör

## BÆKUR

## Draumstol



Gyrðir Eliasson

Útgefandi: Dimma  
Fjöldi síðna: 125

Draumstol, nýjasta ljóðabók Gyrðis Eliassonar, er ekki um andvökur, þó að sú hugsun kunnir að flögra að við fyrstu sýn. Hún er um annað áleitnara. Hér er það veruleikinn, napur og sár, og áhrif hans á innra lífskálðsins sem tekist er á við. Kveður því við annan tón en í ljóðabókinni Nokkur orð um kulnun sólar (2009) þar sem ljóðmælandinn vaknar af draumi og hverfur inn í annan draum sem er tilveran. Að þessu sinni fer meira fyrir blákaldri raunveru, minningum og lífun heldur en draumlífi, eins og heiti bókarinnar gefur til kynna.

Gyrði Eliasson (f. 1961) þarf ekki

að kynna fyrir ljóðunnendum. Hann hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs 2011 fyrir bókina Milli trjána og á að baki fjölda ljóðabóka, smáprósa, sagna og þýðinga.

Stíll hans er almennt knappur og myndrænn, og oft er dansað á milli raunheims og fantasíu. Innra líf einstaklingsins – kvikan sem mótast af ytri aðstæðum og atvikum – hefur einatt leitað á í verkum Gyrðis og svo er enn. Skáldið opnar hér hliðin og býður lesandanum inn-göngu Um leið er ljóst að þar skal gengið hóglega um.

Sagt hefur verið um Gyrði að hann hafi rödd án upphrópana, sem sannast hér. Ljóðin eru hógvær en áhrifarík, eins og fingerður en litsterkur gróður. Það er sjálft tilfinningalífið sem liggur undir, myndirnar einfaldar en knýjandi. Ör, sár, glerbrot, ís og sífreri eru algeng ták – ekki síst í tengslum við liðna tíð...

Í hvert sinn sem hann hugsaði um fortíðina þurfti hann að fara í heimskautaúlpuna til að grafa sig niður í sífrera bernskunnar (s. 73)

Þannig eru mörg ljóðanna þrungin áleitnum tilfinningum, sem á einhvern hátt eru þó verðmætar og gefandi. Skáldið gerir ekki kröfu um eilíft sólskin eða gleði, því að...

Þeir sem telja að drungalegir dagar eigi ekki rétt á sér (bæði ytra og innra) ættu að gera eitthvað annað en að lifa (s. 72)

Ljóðin eru ofin hárfinum og listilegum þráðum afkímnir og stundum einnig hæðni. Sum eru beinlínis kennslustund í blæbrigðum tilverunnar, eins og til dæmis „Stigsmunur“ sem gerir ljóðrænan greinar-mun á kyrrð og þögn. Eins og í fyrri verkum er húmorinn ekki langt undan í orðaleikjum og tilvísunum ýmiskonar eins og „Vetrarhörkur í

Minneapolis“ er dæmi um. Ósjaldan er silkiáferðin þó rofin með háreittum stungum sem hitta beint í mark, líkt og í ljóðunum „Afsökun“, „Bernskuminning“, „Melankólía“ og „Lyfleysa“ þar sem einföld mynd segir meira en mörg orð. Eitt ljósasta dæmið nefnist Upphaf:


Blátt rúm  
grár veggur  
sólargeisli inn um  
gluggann, fellur á  
sofandi barnið í  
rúminu  
Fyrir utan biður  
veröldin þolinmóð  
eftir því,  
urrar lágt (s. 108)

Ljóðabókin Draumstol býður upp á allt það besta sem Gyrðir hefur fram að færa sem ljóðskáld: Knappan stíl, sterkt myndmál og hljóðláta en áleitna tjáningu sem talar beint til lesandans og ratar í hjartastað.

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

**NIÐURSTAÐA:** Gyrðir bregst ekki ljóðunnendum sínum í þessari bók.

# FÍASÓL!



Takmarkað magn!

Áritaðar af  
Kristínu Helgu  
og persónuleg  
teikning frá  
Halldóri í hverri bók.

„Hin íslenska Lína langsokkur!“  
Dómnefnd um Fjöruverðlaunin 2019  
Morgunblaðið um Fíásól gefst aldrei upp



Morgunblaðið um Fíásól gefst aldrei upp

Fíásól Furðusaga um krakka með kött í maga  
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-  
Verð áður: 4.999.-



Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4  
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind  
Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1  
Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er til og með 16. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## Fimmtudagur

HAFÐU FJÖLPÓSTINN  
PINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á  
eldhúsbörðinu þegar blaðið er  
opnað!

# 93.000

Íslendingar lesa Fréttablaðið  
daglega að meðaltali.\*

Kannaðu dreifileiðir og verð í  
síma **550 5050**  
eða sendu tölvupóst á  
**orn@frettabladid.is.**

Útvegum einnig hagstæð  
verð í prentun.



\*Prentningur Gallup 12-80 ára öld - des-2019.  
Mannþjófakráur Hagstofu Íslands 2019

## HRINGBRAUT

**20.00 Mannamál** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.  
**20.30 Suðurnesja-magasín Vikurfréttu** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Um-sjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Vikurfréttir ehf.  
**21.00 21 - Fréttabáttur á fimmtu-degi** er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringabáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.  
**21.30 Sir Arnar Gauti** Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og mörgu, mörgu fleiru.

## RÚV SJÓNVARP

**09.00 Heimaleikfimi**  
**09.10 Kastljós**  
**09.25 Menningin**  
**09.30 Spaugstofan 2006 - 2007**  
**09.55 Gestir og gjörningar.** Fjörurkráin  
**10.45 Herra Bean**  
**11.00 Upplýsingafundur Almannavarna**  
**11.30 Heimaleikfimi**  
**11.40 Maður er nefndur Anna Vilhjálmstöð**  
**12.20 Séra Brown**  
**13.05 Gettu betur 2019 MA - Versló**  
**14.10 Eyjan svarta**  
**14.50 Undankeppni EM kvenna í körfubolta** Bein útsending frá leik Íslands og Slóveníu í undankeppni EM kvenna í körfubolta.  
**16.50 Bitlarnir að eilífu - Blackbird**  
**17.00 Okkar á milli**  
**17.30 Herra Bean**  
**17.40 Landakort. Nostalgiuferð á Land Rover**  
**17.50 Tákn málsfréttir**  
**18.00 KrakkaRÚV**  
**18.01 Allt um dýrin**  
**18.25 Sögur - Stuttmyndir Tinna 368**  
**18.39 Sögur - Stuttmyndir Súru baunirnar**  
**18.50 Krakkafréttir**  
**19.00 Fréttir**  
**19.25 Íþróttir**  
**19.30 Veður**  
**19.35 Kastljós**  
**19.50 Menningin**  
**20.00 Moldvarpan. The Mole**  
**21.05 Njósniðir í Berlín**  
**22.00 Tiufréttir**  
**22.15 Veður**  
**22.20 Lögregluvaktin. Chicago PD**  
**23.10 Babylon Berlín**  
**23.55 Dagskrárlök**

## GOLFSTÖÐIN

**07.25 PGA Tour 2020** Útsending frá Houston Open.  
**10.30 LET Tour 2020** Bein útsending frá Aramco Saudi Ladies.  
**13.30 PGA Special. Arnold Palmer Network**  
**14.10 PGA Highlights**  
**15.05 European Tour 2020 - Highlights**  
**15.30 2019 Augusta Masters** Útsending frá þriðju móttinu á Augusta Masters 2019.  
**17.30 PGA Tour. The Cut**  
**18.00 2020 Augusta Masters** Bein útsending frá fyrsta keppnisdegi.  
**22.35 LET Tour 2020** Útsending frá Aramco Saudi Ladies

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 89,5 Retro FM 93,5 Rás 1  
FM 90,1 Rás 2 FM 95,7 FM957

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**  
**12.30 Dr. Phil**  
**13.15 The Late Late Show**  
**14.00 Broke**  
**14.25 The Block**  
**15.25 90210**  
**16.30 Family Guy**  
**16.50 The King of Queens**  
**17.10 Everybody Loves Raymond**  
**17.35 Dr. Phil**  
**18.20 The Late Late Show**  
**19.05 American Housewife**  
**19.30 Single Parents**  
**20.00 Gordon, Gino and Fred. Road Trip** Bráðskemmtiligir matreiðsluþættir þar sem meistarakokkurinn Gordon Ramsey býður áhorfendum í ferðalag bragðlaukanna. Gordon fer með félögum sínum, þeim Gino D'Acampo og Fred Sirieix, um Ítalíu, Frakkland og Skotland þar sem þeir matreiða ljúffenga rétti.  
**21.00 Tommy**  
**21.50 How to Get Away with Murder**  
**22.35 Love Island**  
**23.30 The Late Late Show**  
**00.15 Blue Bloods**  
**01.00 Law and Order. Special Victims Unit**  
**01.40 Cobra**  
**03.15 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**  
**06.50 Morgunvaktin**  
**07.00 Fréttir**  
**07.30 Fréttayfirlit**  
**08.00 Morgunfréttir**  
**08.30 Fréttayfirlit**  
**09.00 Fréttir**  
**09.05 Segðu mér**  
**09.45 Morgunleikfimi**  
**10.00 Fréttir**  
**10.03 Veðurfregnir**  
**10.13 Á reki með KK**  
**11.00 Fréttir**  
**11.03 Mannlegi þátturinn**  
**12.00 Fréttir**  
**12.02 Hádegisútlit**  
**12.20 Hádegisfréttir**  
**12.40 Veðurfregnir**  
**12.50 Dánarfregnir**  
**12.55 Samfélagið**  
**14.00 Fréttir**  
**14.03 Á tónsviðinu**  
**15.00 Fréttir**  
**15.03 Flakk**  
**16.00 Síðdegisfréttir**  
**16.05 Viðsjá**  
**17.00 Fréttir**  
**17.03 Lestin**  
**18.00 Spegillinn**  
**18.30 Hljómboxið**  
**18.50 Veðurfregnir**  
**18.53 Dánarfregnir**  
**19.00 Tónlistarkvöld útvarpsins**  
**21.00 Mannlegi þátturinn**  
**22.00 Fréttir**  
**22.05 Veðurfregnir**  
**22.10 Samfélagið**  
**23.05 Lestin**  
**00.00 Fréttir**  
**00.05 Næturútlit Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.25 Monster in Paris**  
**12.55 Say Her Name. The Life and Death of Sandra Bland**  
**14.35 50 First Dates**  
**16.10 Monster in Paris**  
**17.40 Say Her Name. The Life and Death of Sandra Bland**  
**19.20 50 First Dates**  
**21.00 Happytime Murders**  
**22.25 Walk the Line**  
**00.40 Blind**  
**02.25 Happytime Murders**

## STÖÐ 2

**08.00 Heimsókn**  
**08.15 God Friended Me**  
**09.00 Bold and the Beautiful**  
**09.25 Gilmore Girls**  
**10.05 Divorce**  
**10.35 All Rise**  
**11.15 Í eldhúsinu hennar Evu**  
**11.35 Fresh off the Boat**  
**11.55 Tveir á teini**  
**12.35 Nágrannar**  
**12.55 Friends**  
**13.15 Golfarinn**  
**13.45 Eyjafjallajökull**  
**14.20 The Leisure Seeker**  
**16.10 Love's Last Resort**  
**17.30 Bold and the Beautiful**  
**18.00 Nágrannar**  
**18.26 Veður**  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**  
**18.50 Sportpakinn**  
**18.55 Ísland í dag**  
**19.10 Lífið utan leiksins**  
**19.35 Temptation Island**  
**20.25 Masterchef UK**  
**21.25 LA's Finest**  
**22.20 NCIS. New Orleans**  
**23.05 Real Time With Bill Maher**  
**00.05 Ummerki**  
**00.35 Eurogáðurinn**  
**01.05 Beartown**  
**01.55 The Sister**  
**02.40 Mr. Mercedes**  
**03.30 Mr. Mercedes**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDAN

**08.00 Barnaefni**  
**20.00 Friends**  
**20.20 Friends**  
**20.45 Splitting Up Together**  
**21.05 Who Do You Think You Are?**  
**22.05 Ríkið**  
**22.30 Nashville**  
**23.10 Roswell, New Mexico**  
**23.55 Friends**  
**00.15 Friends**  
**00.40 Splitting Up Together**

## STÖÐ 2 SPORT

**08.45 Real Sociedad - AZ Alkmaar**  
**10.25 Ludogorets - Tottenham**  
**12.05 Evrópudeildarmörkin**  
**13.00 Ísland - Ítalía** Bein útsending frá leik í undankeppni EM U21.  
**15.25 Arsenal - Molde**  
**17.05 Leicester - Braga**  
**18.45 Stúkan - uppgjörsþáttur** Guðmundur Benediktsson fer yfir stöðu mála í Pepsi Max deild karla ásamt sérfræðingum Stöðvar 2 Sports.  
**20.50 Holland - Spánn** Útsending frá vináttulandsleik Hollands og Spánnar.  
**22.30 NFL Gameday**  
**22.55 Arizona Cardinals - Miami Dolphins** Útsending frá leik Arizona Cardinals - Miami Dolphins í NFL.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.10 Huesca - Eibar**  
**09.50 Getafe - Villareal**  
**11.35 Spænsku mörkin**  
**12.25 Genoa - Roma**  
**14.05 Torino - Crotone**  
**15.45 Ítölsku mörkin**  
**16.35 Holland - Spánn** Útsending frá vináttulandsleik.  
**18.15 NFL Gameday**  
**18.45 Upphitun. Ungverjaland - Ísland**  
**19.35 Ungverjaland - Ísland** Bein útsending frá leik í umspili fyrir EM 2020.  
**22.25 Georgia - Norður-Make-dónía**



# ÚRSLITASTUND



UNGVERJALAND



ÚRSLITALEIKUR UM SÆTI Á EM  
Í KVÖLD 19:45



ÍSLAND

STAKUR LEIKUR

**990** kr.

Kauptu leikinn sem stakan viðburð á myndlyklum  
eða á vefsíðunni Stöðvar 2 - [sjonvarp.stod2.is](http://sjonvarp.stod2.is)

Áskrift 3.990 kr./mán.



VÍKING  
BRUGGHÚS

Tryggðu þér áskrift í dag á [stod2.is](http://stod2.is)

NÓI SÍRÍUS

# Hann fyllti líf mitt af von og hamingju

Stuttmyndin Adela eftir kvikmyndagerðarkonuna **Unni Jónsdóttur** fjallar um hennar eigin reynslu af einelti og það að eignast hundinn Brúnó hafði afgerandi áhrif á líðan hennar. Myndinni hefur verið tekið einstaklega vel.

Síðasta sunnudag var stuttmyndin Adela eftir kvikmyndagerðarkonuna Unni Jónsdóttur sýnd á Stöð 2 í tilefni baráttudags gegn einelti. Myndina byggir hún á eigin reynslu úr æsku og einstökum tengslum við hundinn Brúnó sem hjálpaði henni í gegnum erfða tíma.

„Ég byrjaði eins og svo margir í grunnskóla á að taka upp grínþætti og stutt myndbönd með tveimur vinum mínum. En þá hafði ég ekki hugmynd um að ég myndi enda við að vinna við þetta,“ segir Unnur.

Stuttmynd Unnar, Adela, fjallar um afleiðingar eineltis og hvernig félagsleg einangrun getur haft áhrif á hugann. Hún snertir einnig það máttleysi sem foreldrar þolenda finna oft fyrir og hvernig besta vinur mannsins getur gert kraftaverk í slíkum aðstæðum.

„Myndin er byggð á minni reynslu en ég átti mjög erfitt með að falla í hópinn sem krakki. Ég fann mig einhvern veginn aldrei með jafnöldrum mínum og fannst ég einhvern veginn aldrei eiga heima í þessum heimilum sem ég var í í grunnskóla. Eineltið var ekki mikið líkamlegt í mínu tilviki, þó ég muni eftir örfáum slíkum atvikum. Það var andlegi parturinn sem hrjáði mig hvað mest. Það einkenndist til dæmis af uppnefnum, bakktali og hinna klassísku „stríðni“ sem varði til langs tíma,“ segi hún.

## Allt breyttist með Brúnó

Unnur er einkabarn og segist þar af leiðandi ekki hafa fengið mikla félagslega örvun heima við sem ýtti sterklega undir það að hún fór að einangrast félagslega.

„Með tímanum skapaði það ákveðna reiði hjá mér sem ég hafði á þeim tíma engan skilning á en það varð bara til þess að ég einangraðist frekar og jafnvel óafvitandi fældi fólk frá mér. Ég fór að fylla inn í félagslega þörf með ímyndunaraflinu. Ég átti tugi bangsa sem ég bjó til karaktera úr og eyddi tímanum með.“

Unnur segir að andleg heilsa hennar hafi þó tekið stakkaskiptum til hins betra þegar hún var tólf ára gömul.

„Eftir talsvert suð í foreldrum mínum fékk ég að taka hvolp með mér heim. Brúnó varð mér sem bjargvættur. Ég held að foreldrar mínir muni aldrei fyllilega skilja hversu mikils virði það var fyrir mig að fá hann. Hann fyllti líf mitt af von og hamingju á ný og gerir enn í dag. Hann kom á fullkomnum tíma, þegar þörfin á hjálp var hvað mest. Ég ætla ekki einu sinni að hugsa til þess hvað hefði orðið hefði hann ekki komið inn í líf mitt.“

## Þakklát föður sínum


Félagsleg einangrun er ein algengasta afleiðing eineltis og er mun skadlegri en fólk gerir sér grein fyrir að mati Unnar.

„Ef ómeðhöndlað getur slíkt ástand leitt til alvarlegru vandamála, geðræns vanda eða jafnvel hrörnnar heilans og hæfni viðkomandi til samskipta. Ég persónulega fann mikið afleiðingar þess síðastnefnda á menntaskólagöngu. Eftir grunnskóla ætlaði ég mér alls ekki í menntaskóla. En það var einfaldlega vegna þess að ég trúði



**ÉG GERÐI MÉR ÞVÍ Í RAUN-INNI EKKI GREIN FYRIR Á ÞEIM TÍMA AÐ ÞAD VÆRI ÓEÐLILEGT AÐ VERÐA FYRIR SVONA ÁREITI.**

**ÞAD ER ENGIN SKÖMM Í ÞVÍ AÐ PASSA EKKI INN Í HÓPINN, ÞÓTT ÓÖRYGGIÐ SEM ÞVÍ FYLGI VILJI OFT SEGJA OKKUR ANNAD.**



Stuttmyndin Adela fjallar um persónulega reynslu Unnar af einelti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Líf Unnar breyttist til hins betra þegar hún fékk Brúnó tólf ára gömul.

ekki öðru en að þar væri ástandið það sama og í grunnskóla. Ég var áratug í sama grunnskóla þar sem eineltið varði meira og minna yfir alla skólagönguna og hafði ég því ekkert sem gæti talist eðlilegt til viðmiðunar. Ég gerði mér því í rauninni ekki grein fyrir á þeim tíma að það væri óeðlilegt að verða fyrir svona áreiti.“

Hún segir föður sinn hafa náð á endanum að tala hana til og fá hana til að sækja um í menntaskóla. Í dag sé hún þakklát honum fyrir það.

„Fyrsta daginn í skólanum valdi ég mér sæti lengst úti í horni og ætlaði mér að sitja þar alla skólagönguna og láta lítið fyrir mér fara. Í dag sé hún þakklát honum fyrir það. „Fyrsta daginn í skólanum valdi ég mér sæti lengst úti í horni og ætlaði mér að sitja þar alla skólagönguna og láta lítið fyrir mér fara. Ætlunin mín var bara að komast í gegnum næstu ár, helst án þess að sjást, í von um að þá yrði ég fyrir minna áreiti. Í dag óska ég að ég hefði eytt þeim metnaði, sem ég lagði í að láta lítið fyrir mér fara, í að vera unglíngur í að læra að skapa félagsleg tengsl. Hefði ég gert það þá hefði ég örugglega grætt meira á skóla-

göngunni, bæði fræðslulega séð og félagslega. En óöryggi og tortryggni mín á þeim tíma voru beinar afleiðingar eineltis.“

## Ljós við enda ganganna

Hún segir afleiðingar eineltisins hafa teyggt anga sína víða, þá sérstaklega þegar kom að ástálifinu.

„Ég, eins og svo margir þolendur, hef ég endað í ofbeldis-sambandi. Þó ég finni enn stöku sinnum fyrir óöryggi í samskiptum í dag þá er ég á mun betri stað en ég var með hjálp sálfræðings og allra þeirra frábæru vina sem ég á í dag. Sjálfstraustið hefur aldrei verið betra og ég hef lært að setja mér mörk og vera skýr í samskiptum.“

Adela er gerð í von um að aðrir krakkar sem eru í dag í þeirri stöðu sem Unnur var í finni fyrir því að þeir eru ekki einir og að það er ljós við endann á göngunum.

„Það er engin skömm að því að passa ekki inn í hópinn, þótt óöryggið sem því fylgi vilji oft segja okkur annað. Þó það virðist á þeim tíma eins og félagslífið í skólanum muni móta allt líf manns þá get ég sagt að svo er ekki. Ég vona að þessi



Unnur segist einstaklega þakklát öllum sem komu að gerð myndarinnar.

saga opni augu þeirra sem sofa og vekji þá sem þurfa til vitundar og vitsmuna um þetta vandamál sem á því miður við svo mörg börn enn í dag.“

## Einstakur hópur

Hugmyndina að myndinni fékk Unnur í sturtu. „Eins og allar góðar hugmyndir,“ skýtur hún inn í. Hún var stuttu áður búin að vera í sálfræðimeðferð þar sem hún fékk í fyrsta skipti aðstoð við að greina hvernig eineltið hafði í raun áhrif á mótun hennar sem manneskju.

„Ég fór allt í einu að velja fyrir mér hvort aðrir sem höfðu lent í því sama og ég notuðust við ímyndunaraflíð sem björgunarbát eins og ég gerði á sínum tíma. Ég var ekkert viss um að folki myndist þetta vera eitthvað áhugaverð saga en ég var atvinnulaus á þeim tíma og fannst því bara upplagt að gera eitthvað sem ég gæti þá í versta falli sett á ferilskrána mína sem kvikmyndagerðarkona.“

Unnur skrifaði handrit myndarinnar, framleiddi hana, leikstýrði, klippti og litaleiðrétti.

„Allt í allt tók rúmt ár að gera myndina, frá fyrsta uppkasti að handriti til frumsýningar í Bíó Paradís þann 8. desember 2017. Ekkert af þessu hefði samt verið mögulegt ef ekki væri fyrir allt það frábæra fólk sem stóð að baki myndinni. Ég var óendanlega heppin með starfsfólk.“

## Góða viðtökur

Upprunalega stöð ekki til að myndin yrði sýnd í sjónvarpi.

„Strax við gerð myndarinnar fór fólk að segja mér að sagan væri frábær og gæti opnað á verulega þarfa umræðu. Eftir að hafa reglulega verið hvött til að koma myndinni í sýningu til almennings fór ég að kanna hvort RÚV hefði áhuga á að aðstoða mig við það en eftir rúm þrjú ár og takmörkuð svör fannst mér áhuginn vera lítill. Ég prófaði því að senda línu á Stöð 2 og mér til ánægju gripu þau tækifærið og sögðust glöð vilja sýna myndina. Ég vil þakka þeim innilega fyrir það að leggja þessum málstað lið.“

Viðtökurnar hafa farið langt fram úr vonum Unnar.

„Myndin flakkaði á kvikmyndahátíðir víðs vegar um heiminn og vann fern verðlaun, þar af þrenn á kvikmyndahátíð í Hollywood. Ég hef fengið tugi skilaboða og tölvupóst frá fólki sem dásamar myndina og talar um þörfina fyrir þessa umræðu. Margir hafa hvatt mig til að sýna myndina í skólum landsins og nokkrir skólar sýnt áhuga. Ég hvet skóla landsins eindregið til að hafa samband við mig, þar sem ég hef mikinn áhuga á að fara í fleiri skóla og sýna Adela.“

Skólar sem hafa áhuga á að sýna myndina geta haft samband við Unni á tölvupóstfangið adelafilm@gmail.com.

steingerdur@frettabladid.is



# MAMMUT

SWISS 1862



**Mammut Nordwand Pro HS**  
3 laga GORE-TEX Pro  
**133.995,-**



**Mammut Eigerjoch Pro IN**  
Dún / Primaloft  
**109.995,-**



**Mammut Eigerjoch Pro IN W**  
Dún / Primaloft  
**109.995,-**



**Mammut Nordwand Pro HS W**  
3 laga GORE-TEX Pro  
**127.995,-**



**Mammut Kento HS W**  
Mammut DryTech filma  
**40.995,-**



**Mammut Eisfeld Hybrid SO W**  
Softshell Primaloft  
**49.995,-**



**Mammut Crater Pro HS**  
3 laga GORE-TEX  
**98.995,-**



**Mammut Eigerjoch Adv IN W**  
Dúnúlpa  
**67.995,-**



**Pordoi SO**  
Dömu göngubuxur  
**31.995,-**



**Mammut Eisfeld Adv SO**  
Dömu göngubuxur  
**49.995,-**



**Mammut Courmayeur SO**  
Dömu og herra göngubuxur  
**34.995,-**



**Runbold Trekkings W**  
Teygjanlegar göngubuxur  
**27.995,-**



# Everest

# Skrifaði bók og greindist með ADHD

Barnabókin Elli – dagur í lífi drengs með ADHD byggir á reynslu **Elíasar Bjarmars** þegar hann var níu ára gamall en í gegnum samtöl við hann komst höfundurinn Ari Yates að því að hann er sjálfur með ADHD.

Þegar ég gerði bókina upprunalega datt mér ekki einu sinni í hug að hún yrði gefin út og ég hugsaði hana mikið til bara sem gjöf til Elíasar og fjölskyldu hans,“ segir grafíski hönnuðurinn og teiknarinn Ari H. G. Yates um lokaverkefni sitt frá LHÍ, sem endaði sem barnabókin Elli – dagur í lífi drengs með ADHD.

Ari var innblásinn af níu ára gömlum vini sínum, Elíasi Bjarmari Baldurssyni, þegar hann fékk hugmyndina að bókinni og ekki er nóg með að sagan byggir á samtölum hans við Ella, móður hans og þáverandi stjúpa, þar sem úr varð að þeir Elli myndskreyttu bókina saman.

„Ég veit ekki einu sinni hvernig þetta kom upp. Ég var oft að teikna með Elíasi og allt í einu hugsaði ég að það væri nú gaman að gera bara bók með honum. Þá gæti hann fengið að sjá teikningarnar sínar í bók og eitthvað svoléið.“

Leið þessa lokaverkefnis Ara á bók varð nokkuð löng og níu ára söguhetjan er orðin fimmtán ára þegar hún kemur nú loksins út. „Þegar ég fékk útgáfusamning endurteiknaði ég alla bókina vegna þess að ég var búinn að læra svo margt í teikningu í millitíðinni,“ segir Ari. „Teikningar Ella eru þó alveg óbreyttar.“

## Jákvæð sýn á ADHD

ADHD samtökin gefa bókina út og benda á að krökkum með ADHD finnst þau oft vera misstillin og mæti neikvæðu viðmóti þegar þau eiga erfitt með að hlýða, vera kyrr eða vinna verkefni sem þeim finnst óspennandi. Megininntak bókarinnar sé að gefa raunsanna innsýn í líf barna með ADHD og benda ungum jafnt sem öldnum á að það

**ÞEGAR ÉG VAR AÐ VINNA BÓKINA, TAKA VIÐTÖLIN VIÐ ELÍAS OG ALLT ÞAÐ ÞÁ KOMST ÉG AÐ ÞVÍ AÐ ÉG ER SJÁLFUR MEÐ ADHD.**

Ari

er vel hægt að líta á ADHD með jákvæðum hætti og beisla til góðs.

„Þegar ég var að vinna bókina, taka viðtölin við Elíasi og allt það, þá komst ég að því að ég er sjálfur með ADHD og það hefur hjálpað mér geggjáð mikið í minni teiknivinnu síðan þá,“ segir Ari, sem fékk síðbúna greiningu í kjölfar samvinnunnar við Ella.

„Ég var alltaf að detta út þegar hann talaði við mig og ég þurfti að fá svona pásur, en þetta er mjög spennandi og mjög ánægjulegt að bókinni hafi verið gefin út,“ segir Elli, um skemmtilegt samstarfið við Ara en þeir hafa þekkt og teiknað saman síðan Elli var á fjórða ári.

„Við Elíasi náðum saman vegna þess að okkur fannst báðum gaman að teikna,“ bætir Ari við. „Ég var alltaf með þúsund penna á mér sem hann fékk að prófa og þetta lá bara einhvern veginn beint við.“

## Hlátur betri en pirringur

„Það þurfti að gera þetta með ákveðnu sniði og svo jákvætt fyrir Elíasi, þótt hann hafi þá ekkert verið að spá í því, að sitja og teikna með Ara,“ segir Sigríður Ása, móðir Ella og góð vinkona Ara.



Sigríður Ása, Elías og Ari horfa saman á spaugilegu hliðarnar á ADHD og hafa auk þess góða ástæðu til að brosa þar sem kanadískt forlag hyggur á útgáfu fyrir ensku- og frönskumælandi markað á næstu misserum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Hér mætast teikningar Elíasar og Ara í átökum Ella við risastóra risaöðu.

Það áðan að við vonum að þetta hjálpi bæði börnum með ADHD og foreldrum, að líta svona svolítið á spaugilegu hliðarnar á þessu,“ segir hún um léttleikandi bókina. Mæðginin eru síðan sammála um að það sé miklu skemmtilegra að „geta bara hlegið að sjálfum sér heldur en að vera pirraður og ósáttur við sig“.


## Tófrar teikninganna

Ari segir að hann hafi enn verið í grafíska hönnunarnáminu þegar hann sannfærðist um að hann vildi miklu frekar vera teiknari, sem hafði sitt að segja um ákvörðun hans um að gera barnabók að útskriftarverkefni sínu.

„Ég var búinn að koma með nokkrar hugmyndir að sögum en kennararnir voru ekki hrfnir vegna þess að þeim fannst vanta eitthvert pönk. Einhvers konar samfélagsádeilu. Mér fannst það mjög ánægjulegt en eftir á finnst mér mjög ánægjulegt að þessi krafa hafi verið gerð,“ segir Ari sem vildi fyrst og fremst gleðja Ella vin sinn.

„Fyrir mér var drifkrafturinn mikið til bara að honum myndi finnst gaman að sjá teikningarnar sínar í alvöru bók. Vegna þess að fyrir krökkum eru myndir í bókum þar bara eins og fyrir einhverja töfra. Þau hugsa ekkert um að einhvers staðar er manneskja sem teiknar í bókina.“

Síðan var það líka aðlaðandi tilhugsun að aðrir krakkar myndu kannski tengja við að þau geti gert eitthvað svona sjálf þegar þau sjá teikningar eftir strák í bókinni. Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir krökkum að búa til barnabækur alveg sjálf. Hann gæti alveg gert það.“ [toti@frettabladid.is](mailto:toti@frettabladid.is)



Mömmu Elíasar finnst þessi opna lýsa vel daglegu amstri ADHD-krakka.

„Ari var svo tillitssamur og þolinmóður þegar þeir voru að gera bókina,“ heldur hún áfram og segir Ara til dæmis hafa verið í því að segja henni að slaka á og leyfa drengnum að taka sína hlaupahringi þegar svo bar undir.



„Þannig að þetta var líka jákvætt fyrir samband okkar Ella og ég lærði að sjá hann með öðrum augum en bara sem mamma hans. Ég veit að hann er mjög stoltur og honum finnst þetta mjög gaman.“

Við vorum einmitt að tala um

## JÓLAHREINGERNING

Sérblaðið Jólahreingerningar kemur út þann 18. nóvember.

Blaðið mun fylgja Markaðnum inn í 500 stærstu fyrirtæki landsins ásamt því að koma út í tæplega 80.000 eintökum um allt land.

Blaðamenn munu fjalla um heimilis- og fyrirtækjapríf í þessu blaði.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.  
Sími 550 5654/ [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is)



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# KRÖNAN

Skemmtilegasta  
spurning dagsins ...

# HVAÐ ER Í MATINN?



Máltíð  
fyrir 2 gjörið  
svo vel!

Unnið í  
samstarfi við  
hopp



Kjúklingabringur í rósmarín og hvítlauk

**1499** kr. pk.



Grískt salat með salatosti

**699** kr. stk.



Hvítlauks Sveppa sósa

**499** kr. stk.



Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)  
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

DORMA HOME



HÁTÍÐAR  
**20%**  
AFSLÁTTUR

# DORMA HOME

## sængurföt



Sængurfötin frá Dorma Home eru ofin úr 300 gsm bómullarþræði sem gefur frábæra endingu, viðkomu og mýkt. Þau eru með OEKO-TEX® vottun um að þau séu framleidd án allra skaðlegra efna. Sængurfötin koma í nokkrum mismunandi mynstrum/litum og fást í 3 stærðum.

**OEKO-TEX®**  
CONFIDENCE IN TEXTILES  
**STANDARD 100**

Tested for harmful substances.  
www.oeko-tex.com/standard100

Fullt verð 140 x 200 cm: 9.990 kr.	Fullt verð 140 x 220 cm: 11.990 kr.	Fullt verð 140 x 200 cm: 16.990 kr.
Aðeins: <b>7.992 kr.</b>	Aðeins: <b>9.592 kr.</b>	Aðeins: <b>13.592 kr.</b>

**MOOMIN™**



Allar **MÚMÍN**  
gjafavörur með  
**15% hátíðarafslætti**



Múmín púðaver 50x30 cm

Fullt verð: 4.900 kr.

HÁTÍÐARVERÐ: 4.165 kr.




Múmín púðaver 50x50 cm

Fullt verð: 5.900 kr.

HÁTÍÐARVERÐ: 5.015 kr.

HÁTÍÐAR  
**15%**  
AFSLÁTTUR



**MEGA**  
hornsófi  
m/hvöld

Einstaklega kósí hornsófi í slitgóðu dökkgráu áklæði. Sófinn fæst í hægri eða vinstri útgáfu. Tunga/horn ekki færarleg. Í baki Mega sófanna er fjöldi lausra púða sem veita þér enn meiri þægindi. Fæst einnig minni.

Fullt verð: 239.900

Aðeins **203.915 kr.**



HÁTÍÐAR  
**25%**  
AFSLÁTTUR

DÝNA, BOTN, FÆTUR OG GAFL

**SEALY**  
**BOSTON**  
heilsurúm

Boston City heilsurúmin frá Sealy fást í þremur stærðum; 160x200 og 180x200 og 200x200 cm. Þau koma í tveimur gráum tónum af Viva áklæði, dökkum og ljósum. Botn, dýna og gafl eru klædd sama áklæði sem gefur rúminu glæsilegt útlit. Dýnan er svæðaskipt pokagormadýna. Efst er mjúk og þægileg yfirdýna sem styður vel við líkama þinn. Botninn er með gormum (Boxspring) sem gefur viðbótarfjöðrun.

Boston 160 x 200 cm  
Fullt verð: 279.900 kr.

Boston 180 x 200 cm  
Fullt verð: 299.900 kr.

Boston 200 x 200 cm  
Fullt verð: 349.900 kr.

**209.925 kr. 224.925 kr. 262.425 kr.**



QUILTS OF  
DENMARK®

HÁTÍÐAR  
**20%**  
AFSLÁTTUR

Frábært úrval af dúnvörum í hæsta gæðaflokki frá Quilts of Denmark og fleiri framleiðendum á 20% hátíðarafslætti

Afgreiðslutími Rvk  
Mán. til fös. kl. 11-18  
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík  
512 6800  
Smáratorgi, Kópavogi  
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri  
558 1100  
Skeiði 1, Ísafirði  
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda til 24. desember 2020 eða á meðan birgðir endast.

# DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR  
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR

# Heima er best

## » Jólin 2020 «



Gerðu góð kaup i **verslunum** okkar eða á **dorma.is** og við **sendum** allar vörur **frítt**



Gerðu góð kaup i **verslunum** okkar eða á **dorma.is** og við **sendum** allar vörur **frítt**

STYTTU ÞÉR LEIÐ GEGNUM ÞÆKINGINN OKKAR

Mjókvara og dúnn 2-9 | RÚM 10-21 | Jólavara/smávara 22-31 | Stólar 32-33 | Hjútur, borð og skápar 34-37 | Sófar 38-45



HÁTÍÐAR  
**25%**  
AFSLÁTTUR



**ROMA**  
svefnsofi

Vel bólstraður og mjúkur click-clack svefnsofi í sterku áklæði sem fæst í 5 mildum, fallegum litum. Hægt er að lyfta höfða- eða fótahluta. Bak er tvískipt; hægt er að leggja annan eða báða hluta niður. Hæð sófa í svefnstöðu er 50 cm og svefnpláss er 120x200 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins **74.900 kr.**

Þú finnur  
jólabæklinginn á [www.dorma.is](http://www.dorma.is)

# DORMA

Láttu drauminn rætast



## BAKÞANKAR

Kolbeins  
Marteinssonar



## Hnerri

Það hefur verið sagt að þegar Bandaríkin hnerri fái heimurinn kvef, slíkur sé áhrifamáttur þessa mikla ríkis. En hver hafa áhrifin verið fyrir heimsbyggðina þegar þetta stórveldi kys sér afleitan þjóðhöfðingja?

Kjörtímabil núverandi forseta sem brátt rennur sitt skeið, hefur einkennst af stjórnmálum sem ala á sundrunu ásamt sífelldu sjálfs-hóli og oflofi um eigið ágæti. Kynt hefur verið undir öfgaviðhorfum kynþátta- og þjóðernishyggu. Þegar kemur að alþjóðamálum hefur verið slegið upp veislu þar sem ógeðfældustu einræðisherrar heimsins hafa verið heiðursgestir. Á alþjóðavísu hefur þetta stórveldi verið fjarverandi, dregið sig út úr alþjóðasamningum og skaðað mikilvæg mál sem varða alla heimsbyggðina. En upp úr stendur að stjórnmál þessa forseta miðast við gildi og viðhorf sem við Evrópubúar eigum erfitt með að skilja en tæpur helmingur kjósenda studdi.

Það kom því ekki á óvart að forsetakosningar í síðustu viku vöktu verðskuldaða athygli um allan heim. Niðurstöður þeirra líktust um tíma ævintýri þar sem hin illu öfl höfðu yfirhöndina í byrjun og útlitið virtist vonlitið. Þegar á leið vaknaði hins vegar vonin og hið góða (skárta) fór að vaxa og óðlast styrk til að kveða hið slæma niður. Þessa dagana erum við stödd í lokakafli þar sem aðeins er eftir að reka hið illa út úr kastalanum og sigurvissan er í algleymingi.

En aftur til raunveruleikans. Verðandi forseti virðist vera kurteis maður sem vill sameina þjóðina og láta Bandaríkin ná aftur fyrri stöðu sinni sem leiðtoga hins vestræna heims. Það veit á gott en ætli sé ekki best að halda væntingum niðri um miklar breytingar og muna að þetta hefði getað orðið verra.

BYKO

## Jólagjafa- handbókin 2020

130

Jólagjafa-  
hugmyndir

Skoðaðu blaðið  
á byko.is



Ný sending  
af útiseríum -  
sjáðu úrvalið  
á byko.is



Viðbrögð við  
COVID-19

Við dreifum álaginu og  
höfum opið lengur

Virkir dagar  
8-20

Vinsæl  
vara  
ár eftir ár

49  
ljósa

LED útisería  
SYSTEM 24, 3x0,4m,  
samtengjanleg.

5.795

51880402

98  
ljósa

LED útisería  
SYSTEM 24, 10m,  
samtengjanleg.

7.595

51880401

SYSTEM 24

SYSTEM 24 er 24 volta kerfi og er því einstaklega orkusparandi. Perurnar eru höggþolnar og líftími getur orðið allt að 20.000 stundir. Hentar vel þeim sem vilja gera meira úr lýsingunni.



Verslaðu á netinu byko.is

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Beint í bílinn  
úr lúgunni

Kvikk



CORNY  
PROTEIN BAR  
45 G

299

KR/STK  
6644 KR/KG



Kvikk

